



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1431*  
*komiudagur 18.3.2004*

Umhverfisnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. mars 2004  
SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál**

*Tilv: 2004030006*


Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 2. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Búnaðarþing 2004 fjallaði um málið og ályktaði eftirfarandi:

“Búnaðarþing 2004 samþykkir að þar sem gott samkomulag hafði náðst um frumvarp til laga um verndun Laxár og Mývatns áður en bráðabirgðaákvæði III var bætt við frumvarpið beri að fella bráðabirgðaákvæðið brott og afgreiða frumvarpið án þess”.

Ályktuninni er hér með komið á framfæri sem umsögn samtakanna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1512  
komudagur 24.3.2004

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)

Akureyri 23. mars 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin lýsir ánægju með að frumvarpið skuli á ný hafa verið lagt fram á Alþingi. Frumvarpið er að mestu samhljóða frumvarpi sem var lagt fram á 128. löggjafarþingi (637. mál). Stjórn Eyþings gaf umsögn um frumvarpið á 140. fundi sínum og ítrekar stjórnin innihald hennar.

Hvað varðar 5. grein frumvarpsins þá telur stjórn Eyþings að breyta eigi greininni á þann veg að heimaaðilar fari með umsjón svæðisins.

Stjórnin telur að bráðabirgðaákvæði III megi ekki koma í veg fyrir framgang frumvarpsins og því geti reynst nauðsynlegt að fella það út náist ekki samkomulag um málið í tíma. Stjórnin telur bráðabirgðaákvæðið engu að síður mikilvægt því miklir hagsmunir eru í húfi. Sá möguleiki er fyrir hendi að breyta lögnum síðar náist samkomulag svo hægt verði að framkvæma umhverfismat. Stjórnin vísar að öðru leyti, s.s. varðandi einstakar greinar frumvarpsins, til umsagna sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Aðaldælahrepps og bæjarráðs Húsavíkurbæjar.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónsson  
framkv.stjóri

Fylgiskjal: Umsögn stjórnar Eyþings við 637. mál á 128. löggjafarþingi.

**EYÞING** – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)

Akureyri 2. maí 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings telur frumvarpið hafa í för með sér mjög jákvæðar breytingar fyrir stjórnarsýslu í Skútustaðahreppi. Stjórnin telur að almennt beri að forðast sérlög um einstök svæði þar sem almenn lög eigi að vera fullnægjandi lagarammi. Stjórn Eyþings leggst þó ekki gegn sérlögum um þetta sérstæða svæði, en leggur áherslu á að ekki sé lengra gengið með sérlögum en þörf krefur. Þannig telur stjórnin óþarft að lögfesta sérstök ákvæði um verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár (sbr. 4. og 6. gr.) og vísar þar til reglugerða um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/99) og um varnir gegn mengun grunnvatns (nr. 797/99) sem sett eru á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stjórnin vísar að öðru leyti til umsagnar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings

---

Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1420*  
*komudagur 17.3.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

17. mars 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár (564. mál, heildarlög)**

Vísað er til bréfs dags. 2. mars 2004 þar sem óskað er umsagnar undirritaðs um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár.

Athugasemdir undirritaðs:

Sögu núgildandi laga nr. 36/1974 um vernd Mývatns og Laxár er óþarft að rekja, en lögín voru sett sem málamiðlun og sáttargjörð í einu umfangsmesta deilumáli Íslandssögunnar um náttúruvernd, hinni svonefndu Laxárdeilu. Lykilatriði í þessari málamiðlun var að festa það í lögum að ekki yrði breytt vatnsyfirborði Laxár og Mývatns framár. Önnur ákvæði sem rötuðu í lögín má segja að hafi verið hliðarverkun.

Tilkoma sáttargjörðarinnar frá 1974 um verndun Mývatns og Laxár var mikið gæfuskef, enda blandast fáum hugur um það nú á dögum breyttra viðhorfa að óbætanlegur missir hefði verið að leggja Laxárdal undir uppistöðulón. Lögín eru hins vegar ekki óumdeild. Það atriði sem fólk greinir helst á um er að sú vernd sem kveðið er á um í lögunum nær ekki eingöngu til vatnasviðs Laxár og Mývatns heldur alls Skútustaðahrepps í heild. Um þetta atriði, þ.e. gildissvæði laga um vernd Mývatns og Laxár, hefur verið stigvaxandi óeining í héraðinu sem án efa á stóran þátt í þeirri sundurleitni sem verið hefur um ýmis mál tengd nýtingu auðlinda í Þingeyjarsýslum, þ.á.m. á Laxár- og Mývatnssvæðinu og í tengslum við þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur.

Þegar umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, skipaði nefnd til að endurskoða lögín um vernd Mývatns og Laxár fyrir fáum misserum má segja að orðið hafi ákveðin vatnaskil í samfélagslegri umræðu í héraðinu um þessi mál. Verður ekki annað séð en að frumvarpstíllaga nefndarinnar sem hér er til umræðu, þ.e. utan bráðabirgðaákvæðis sem ráðherra bætti við einhliða eftir á, hafi fallið í góðan jarðveg. Það er álit undirritaðs að með niðurstöðu nefndarinnar, þ.e. frumvarpstíllagu hennar, hafi skapast forsendur til að ná einingu um verndarsvæðið við Mývatn og Laxá. Heimamenn, þ.e. landeigendur, veiðifélög og sveitarfélög, reyndust í meginatriðum sáttir við lykilgreinar frumvarpstíllögunnar, og má sjá þá afstöðu skýrt í umsögnum aðila.

Í lok árs 2003 ákvað umhverfisráðherra einhliða að gerbreypa frumvarpinu sem endurskoðunarnefnd ráðherrans hafði lagt fram með því að bæta bráðabirgðaákvæði inn í lagatextann, svo kölluðu bráðabirgðaákvæði III. Ákvæðið gengur gegn markmiðum frumvarpsins, þ.e. greinum nr. 1, 3 og 4, sem er kjarninn í sáttargjörðinni sem gerð var við lok Laxárdeilu og þeim ákvæðum öðrum sem lög um vernd Mývatns og Laxár hafa frá upphafi fyrst og fremst snúist um. Bráðabirgðaákvæði III kippir þannig stöðunum undan efni þessara greina og gerir þær í raun marklausar.

Kynning umhverfisráðherra á bráðabirgðaákvæði sínu hefur vakið upp mikil viðbrögð í Þingeyjarsýslum undanfamar vikur og mánuði. Eins og olía á eld hefur þessi viðbót kveikt upp á ný ósætti í héraði um Laxár- og Mývatnssvæðið, en eins og áður greinir frá höfðu skapast í fyrsta sinn um árabíl forsendur til sáttar um vermdarsvæðið við Laxá og Mývatn með fyrrgreindri frumvarpstíllögu nefndar ráðherra. Ekki er þörf á því að rekja þetta nánar, en rétt að benda á ályktanir Landeigendafélags Laxár og Mývatns þar sem afgerandi meirihluti félagsmanna lagðist gegn bráðabirgðaákvæðinu.

Í ljósi ofangreindra aðstæðna telur undirritaður fullljóst að ómögulegt er að ná sátt meðal heimamanna í Þingeyjarsýslu um málefni Laxár og Mývatns nema bráðabirgðaákvæðið umdeilda verði fellt út án skilyrða. Mikilvægt er hins vegar að hafa það hugfast að í ályktunum og umsögnum hefur Landeigendafélag Laxár og Mývatns aldrei beint spjótum sínum að öðru en bráðabirgðaákvæði III. Landeigendafélagið hefur þegar gefið umsögn sína um frumvarpið eins og það stóð án bráðabirgðaákvæðisins og hafði í þeirri umsögn ekkert við það að athuga.

Undirritaður telur það vera forsendu sáttar í héraðinu að frumvarpið sjálft verði lagt fram og gert að lögum á yfirstandandi þingi en bráðabirgðaákvæði III fellt út án skilyrða.

Undirritaður hefur áður tjáð sig um málefni Laxárvirkjunar opinberlega, m.a. gert ítarlega athugasemd við drög að tillögu að matsáætlun Landsvirkjunar sumarið 2003. Þessi athugasemd fylgir hér með í fylgiskjali til upplýsingar, en þar er að finna rökstudda afstöðu undirritaðs til fyrirhugaðrar hækkunar stíflu Laxárvirkjunar.

Virðingarfyllt,

  
Halldór Valdimarsson

Fylgiskjal:

Athugasemd Halldórs Valdimarssonar við drög Landsvirkjunar að tillögu að matsáætlun stækkunar Laxárvirkjunar. Send Landsvirkjun í júlí 2003.

Landsvirkjun  
Laxárstöðvar – hækkun stíflu og myndun inntakslóns  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

1. júlí 2003

**Efni: Athugasemdir vegna draga að tillögu að matsáætlun hækkunar Laxárstíflu**

Visað er til auglýsingar þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar. Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna. Vakin er athygli á því að vísitandi er lögð áhersla á að koma mikilvægum sjónarmiðum varðandi fyrirhugaða framkvæmd til skila strax á upphafsstigum matsferlisins. Athugasemdirnar eiga því ekki eingöngu við fyrirhugaða rannsóknar- og matsáætlun framkvæmdaraðila heldur einnig umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að því leyti sem þau liggja fyrir og lagalega stöðu á framkvæmdasvæðinu.

---

**ALMENNAR ATHUGASEMDIR:**

---

**1. Lög nr. 36/1974 um vernd Mývatns og Laxár.**

Í gildi eru lög nr. 36/1974 um vernd Mývatns og Laxár. Lög þessi eru tilkomin sem niðurstaða einnig mestu og þekktustu deilu um náttúruvernd og -nýtingu sem fram hefur farið á Íslandi. Laxárdeilan vakti landsathygli og raunar gætti áhrifa hennar út fyrir landsteinana þar sem fregnir voru sagðar af atburðunum í fjölmiðlum Evrópuþjóða. Í fræðilegri umræðu hefur Laxárdeilan einnig verið talin á alþjóðavísu ein af birtingarmyndum breyttra viðhorfa til nýtingar náttúru og umhverfis sem upp voru að vakna undir lok 7. áratugarins og fram á þann 8. Lög um vernd Mývatns og Laxár voru sett sem samkomulag í deilu um virkjun Laxár og það varð í raun hliðarverkun að Mývatn, ásamt öllum Skútustaðahrepp, var látið falla undir löginn einnig. Samkvæmt lögnum eru á vatnasviði Laxár "...Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna [...] óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar]."<sup>1</sup> Ljóst er, og enginn vafi á, að framkvæmdaraðilinn Landsvirkjun hefur ekki það hlutverk að "vernda eða rækta" stöðuvötn eða straumvötn. Það sýnist augljóst að markmið fyrirhugaðrar framkvæmdar er ekki að vernda eða rækta vatnasvið Laxár, heldur skv. drögum að tillögu að matsáætlun að bæta rekstrarlega afkomu með því að "stemma stigu" við rekstrarlegum vandamálum.

Í ljósi þessa verður ekki séð að nokkur leið sé til þess að fara í fyrirhugaða framkvæmd í núverandi lagaumhverfi.

---

**2. Frumvarp að nýjum lögum um vernd Laxár og Mývatns**

Á síðastu misserum hefur staðið yfir vinna við gerð frumvarps að nýjum lögum um vernd Laxár og Mývatns. Sett var saman nefnd sem skilaði tillögu að frumvarpi til umhverfisráðherra árið 2002.<sup>2</sup> Í frumvarpstíllögu nefndarinnar, sem m.a. var skipuð

---

<sup>1</sup> Lög nr. 36/1974 um vernd Mývatns og Laxár.

<sup>2</sup> 128. löggjafarþing 2002–2003. Þskj. 1032 — 637. mál.

sveitarstjórnarfólki og hagsmunaaðilum úr héraðinu, er lagt upp með efnislega óbreytt lög hvað varðar framtíðarverndun vatnasviðs Laxár. Við þessa vinnu að endurskoðun laga um vernd Laxár og Mývatns hefur því ekkert komið fram sem bendir til þess að vilji sé til þess að rjúfa samkomulagið sem gert var með setningu laganna árið 1974 í lok Laxárdeilunnar.

Ekki verður séð að nokkrar vísbendingar séu í tillögu endurskoðunarnefndar að frumvarpi nýrra laga um vernd Mývatns og Laxár þess efnis að lagaumhverfi muni breytast svo hægt verði að fara í fyrirhugaða framkvæmd.

### 3. Alþjóðleg verndun svæðisins (RAMSAR)

Framkvæmdasvæðið, Laxár- og Mývatnssvæðið, er eitt af þremur svæðum sem íslensk stjórnvöld hafa tilnefnt sem RAMSAR-svæði skv. alþjóðlegri samþykkt. RAMSAR-samþykktin er alþjóðleg samþykkt frá árinu 1971 um verndun votlendis sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf<sup>3</sup>. Markmið hennar er að vernda votlendissvæði heimsins, sérstaklega sem lífsvæði fyrir fugla. Aðildarlöndum Ramsar-samþykktarinnar ber að tilnefna alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði, friðlýsa þau og sjá um að þau njóti fullnægjandi verndar. Á síðustu misserum hefur Landsvirkjun komið fram með aðra tillögu um framkvæmd sem er á RAMSAR-friðuðu svæði, þ.e. Norðlingaölduveitu við Þjórsárver. Í því máli komu fram þau sjónarmið að réttlætun væri að nýta auðlindir á hinu RAMSAR-verndaða svæði þar sem röskun væri einungis að hluta til inni á hinu friðlýsta svæði í Þjórsárverum, og einnig þar sem um væri að ræða tiltölulega mikilvæga framkvæmd í ljósi aukinnar orkuöflunar/-nýtingar sem af henni hlytist. Við Laxá er staðan ennþá ótvíræðari hvað varðar RAMSAR-sáttmálann en við Þjórsárver. Allt áhrifasvæði framkvæmdarinnar, stækkunar Laxárvirkjunar, er ótvírætt og án vafa RAMSAR-verndað skv. tilnefningu íslenskra stjórnvalda. Einnig eru uppi aðrar aðstæður hvað varðar umfang og ávinning framkvæmdarinnar þar sem markmiðið er ekkert annað en bætt rekstrarleg afkoma lítillar virkjunar (29,5 MW!)

Í ljósi þessa verður að teljast afar ólíklegt að leyfi Umhverfisstofnunar og raunar stjórnvalda fái til þess að brjóta svo augljóslega gegn meginmarkmiði RAMSAR-samþykktarinnar. Með stækkuninni yrði brotið gegn RAMSAR-samþykktinni fyrir ávinning sem verður að teljast broslega lítill, þ.e. bætt rekstrarlega afkomu einnar lítillar virkjunar, sem aldrei verður stækkuð frekar.<sup>4</sup>

### 4. Verndun jarðmyndana skv. náttúruverndarlögum

Í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd segir eftirfarandi í 37 gr. (leturbr. undirritaðs):

*„Eftirtaldar [jarðmyndanir og vistkerfi] njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:*

*a. eldvörp, gervigigar og eldhraun,*

*[...]*

*d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hriður og hriðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri“.*

Framkvæmdasvæðið sem fer undir vatn er að mestu þakið Laxárhrauni yngra, sem er um 2000 ára gamalt eldhraun, og nýtur því sérstakrar verndunar skv. lögum um náttúruvernd. Auk þess að hafa áhrif á eldhraun sem forðast skal að raska skv. lögum eru heitar uppsprettur

<sup>3</sup> Convention on Wetlands of International Importance, Especially as Waterfowl Habitat, aðild 2. desember 1977, öðlaðist gildi 2. apríl 1978, C 1/1978.

<http://brunnur.stjr.is/interpro/utanr/utanrad.nsf/pages/samningar>

<sup>4</sup> Ath. ekki hefur einu sinni verið sýnt fram á að Laxárvirkjun sé rekin með halla við núverandi aðstæður! Upplýsingar skortir um þann þátt.

á framkvæmdasvæðinu, en skv. ofangreindu ákvæði laga um náttúruvernd njóta þær sérstakrar verudunar og bera að forðast að raska þeim eins og kostur er.

Ljóst má vera að auk þeirrar óvenjulega sterku lögverndunar sem framkvæmdasvæðið nýtur skv. innlendum sérlægum og alþjóðlegri samþykkt. njóta jarðmyndanir innan þess einnig sérstakrar skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

---

## 5. Rof á tímamótasamkomulagi?

Starfsemi Landsvirkjunar vekur gjarnan upp andstæð viðhorf, enda mætast eðli málsins samkvæmt afar ólíkir hagsmunir þegar teknar eru ákvarðanir um nýtingu náttúrunnar. Í öllum tilfellum þarf þannig að leita sáttar og gera samninga í stórum eða smáum málum, við einstaklinga, hópa, fyrirtæki og aðra sem kunna að verða fyrir áhrifum eða vera andstæðrar skoðunar. Það er því auðvitað lykilatriði fyrir Landsvirkjun, sem er orkufyrirtæki í almannaeigu, að unnið sé að því að ná sátt við viðsemjendur. Hitt er hins vegar ekki síður mikilvægt að staðið sé við gerða samninga. Þannig verði komist að ákveðinni niðurstöðu sem staðið verði við og byggt á til ókominnar framtíðar. Fari að sjást merki þess að fyrirtæki eða stofnun standi ekki við gerða sáttmála eða virði ekki samkomulag sem gert hefur verið hverfur óhjákvæmilega trúverðugleikinn til framtíðar og þá einnig í öðrum og ótengdum málum. Fyrir liggur sú staðreynd sem ekki verður véfengd, að niðurstaða hinnar alþekktu og umræddu Laxárdeilu var samkomulag milli Landsvirkjunar annars vegar og þeirra fjölmörgu sem andsnúnir voru stækkun Laxárvirkjunar hins vegar. Þetta samkomulag fól í sér það að andstæðingar virkjunar gáfu eftir kröfu sína um það að Laxárvirkjun yrði ekki stækkuð frekar og Landsvirkjun gaf eftir hugmyndir sínar um Gljúfurversvirkjun. Niðurstaða beggja aðila varð sú að koma sér saman um byggingu Laxárvirkjunar III en setja jafnframt sérstök lög, sem tækju algerlega fyrir alla frekari breytingar á farvegi og rennsli Laxár.

Ekki verður annað séð en að framkomin tillaga að stækkun Laxárvirkjunar brjóti tímamótasamkomulag um verndun vatnasviðs Laxár frá frekari virkjunarmannvirkjum sem lög nr. 36/1974 eru. Með því hverfur trúverðugleiki Landsvirkjunar í samningum og sáttargerðum í framtíð.

---

## 6. Óðryggi í orkuafhendingu innan héraðs?

Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur eftirfarandi fram:

*„Ef saman færi bilun þeirrar línu [lína frá Laxárvirkjun til Akureyrar], sem stundum gerist, og truflanir á raforkuframleiðslu í Laxá, þá gætu Húsavík og nágrennabyggðir búið við orkuskort í lengri tíma.“<sup>5</sup>*

*„Samfélagsleg áhrif yrðu hins vegar meiri ef ekkert verður af framkvæmdum og grundvöllur virkjunarinnar í núverandi mynd brestur.“<sup>6</sup>*

Ekki er annað að sjá en að Landsvirkjun láti hér að því liggja að ef ekki verði fyrirhuguð stækkun Laxárvirkjunar leyfð muni orkuafhending til „Húsavíkur og nágrennabyggða“ ekki verða tryggð í framtíð. Að líkindum á þessi vanhugsaða framsetning að höfða til sveitarstjórnarmanna héraðsins, og raunar rafmagnsnotenda allra Norðaustanlands, sem velja eiga á milli þess að sætta sig við tillögu Landsvirkjunar eða búa við ótryggt rafmagn til framtíðar. Að sjálfsögðu eru ýmsar leiðir mögulegar til breytinga á tilhögun tengingar við landsnetið til að tryggja öruggari afhendingu orku. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á

---

<sup>5</sup> Drög að tillögu að matsáætlun kafli 1.1, bls. 3.

<sup>6</sup> Drög að tillögu að matsáætlun kafli 4.3.3, bls. 19.



að Norðurland eystra er ríkt af orkuauðlindum og hefur m.a. skaffað öðrum héruðum raforku til neyslu og iðnaðar til áratuga.

Það verður að teljast með öllu óásættanlegt að framkvæmdaraðili setji framkvæmdatillögur sínar fram með þeim hætti að heilu héraði eða sveit sé hótað því berum orðum að orka verði ekki afhent með öruggum hætti nema framkvæmdin verði að veruleika í þeirri mynd sem hún er kynnt. Frá þessari framsetningu verður að falla í tillögu að matsáætlun og matsskýrslu ef af henni verður.

---

## 7. Sérstæða Laxár í heild og umhverfis/lífrikis árinna

Í og umhverfis Laxá er að finna eittvert auðugasta lífríki í straumvatni á Íslandi, og raunar á heimsvísu. Á Laxá er gífurlegt fuglalíf allan ársins hring og er áin, ásamt Mývatni, t.d. meðal þeirra vatna heimsins sem þéttsetnust eru fuglum. Á svæðinu eru varpstöðvar fölmargra fugla sem sjaldgæfar eru annars staðar á landinu. Laxá er lindá, algróm ofan í bakka og í henni er afar auðugt smádyra-, gróður- og fiskalíf. Auk þess rennur Laxá á stórum hluta leiðar sinnar, þ.á.m. á framkvæmdasvæðinu, á eldhrauni, Laxárhrauni yngra, sem skapar einstaka og sérstæða ásynd landslags.

Fyrirhuguð framkvæmd er á svæði sem afar mikla sérstöðu hefur í náttúrufarslegu tilliti, hvort sem litið er til íslenskrar náttúru eða hort til annarra landa. Að stefna að aukinni mannvirkjagerð og virkjunarframkvæmdum, til þess eins að auka arðsemi gamallar og lítillar vatnsaflsvirkjunar, verður að teljast fullkomin tímaskekkja.

---

## 8. Umfang og ávinningur framkvæmdar

Það er afar brýnt þegar teknar eru ákvarðanir um röskun verðmætra svæða eins og Laxáarsvæðisins að hyggja að þeim ávinningi sem í húfi er og því sem framkvæmdin á að skila. Þannig hefur framkvæmdaraðili, Landsvirkjun, í gegnum tíðina lagt mikila áherslu á þann mikla ávinning sem gjarnan er í húfi með umdeildum virkjunarframkvæmdum. T.d. má nefna að við mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og Norðlingaölduveitu voru málin rekin með þeim hætti að rask á vernduðum og verðmætum svæðum í náttúrufarslegu tilliti væri réttlætanlegt í ljósi þess mikla ávinnings sem í húfi væri, þ.e. samfélagslegri uppbyggingu í tengslum við umfangsmikla nýja orkuöflun. Í tilviki stækkunar Laxárvirkjunar er ljóst að ávinningurinn er afar lítill og í raun algerlega hverfandi í samanburði við aðrar framkvæmdir eða framkvæmdatillögur, þ.e. um er að ræða framkvæmd sem hefur það eitt markmið að bæta rekstrarlega afkomu tæplega 30 MW vatnsaflsvirkjunar! Það hangir ekkert álver á spýttunni, enginn samfélagslegur ávinningur á héraðs- eða landsvísu, eða eins og segir í drögum að tillögu að matsáætlun: „...fyrir utan þau störf sem skapast á meðan á framkvæmdum stendur verða samfélagsleg áhrif hverfandi.“<sup>7</sup>

Ljóst má vera að fyrirhuguð framkvæmd hefur mikil umhverfisáhrif í för með sér á svæði sem nýtur hámarks lögverndunar allra svæða á Íslandi. En ávinningurinn mælist ekki á sama kvarða og umhverfisáhrifin. Það er ljóst að þótt ávinningurinn hafi ekki verið rökstuddur að neinu leyti með tölulegum hætti að hálfu Landsvirkjunar getur hann vart talist annað en hverfandi í samanburði við aðrar framkvæmdir á öðrum sambærilegum svæðum hvað varðar umhverfisáhrif, lögverndun og/eða sérstöðu.

---

<sup>7</sup> Drög að tillögu að matsáætlun kafli 4.3, bls. 18.

## ATHUGASEMDIR VIÐ MATS- OG RANNSÓKNARÁÆTLUN:

### 9. Lífríki Laxár ofan stíflu

Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhugaðar rannsóknir á áhrifum framkvæmdar á lífríki Laxár beinist aðallega að Laxá í Aðaldal og áhrifum þar. Ástæða er til að benda á að þrátt fyrir ótvírætt náttúrufarslegt gildi Laxár allrar frá vatni til ósa hefur áin sérstöðu ofan virkjunar að því leyti að þar lifir ekki lax, og hefur að líkindum aldrei gert, og er lífríki árinna þar óraskað með öllu af uppræktunartilraunum í tengslum við laxveiði, þ.e. sleppingum. Ofan virkjunar er staðbundinn stórríði ráðandi fiskistofn sem þykir einkar verðmætur bæði í náttúrufarslegu tilliti og sem veiðifiskur. Við myndun lóna raskast jafnan skilyrði fyrir lífríki, t.d. botndýralíf, í lónstæðum. Minni straumur og aukið dýpi í lónstæði hafa þannig jafnan neikvæð áhrif á þéttleika botndýra.

Fullrannsaka þarf áhrif framkvæmdar á lífríki ofan stíflu. Áhrif framkvæmdar á vatnasvið Laxár ofan virkunar eru að líkindum eingöngu neikvæð og er því afar brýnt að þau áhrif verði metin til hlýtar. Ekki verði eingöngu horft til áhrifa lónsins á veiði eða veiðiafla, heldur verði einnig metin áhrif lóns lífríki Laxár ofan virkjunar, þ.á.m. á búsvæði urriða og urriðastofninn.

### 10. Áhrif sands á laxastofn neðan virkjunar

Í kafla 4.2.1 í drögum að tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirhugaðar rannsóknir á sandi í Laxá. Þá eru í drögunum leiddar líkur að því að sandburður í Laxá sé í beinum tengslum við ástand laxastofns Laxár. Afar brýnt er að fyrirhugaðar rannsóknir á áhrifum framkvæmdar á lax og laxveiði neðan virkjunar taki mið af og nái til eftirfarandi þátta:

- Stöðu og ástands stofns Norður-Atlandshafslaxins á landsvísu undanfarin ár.
- Veiði og ástand lax í Laxá í Aðaldal í samanburði við ástand í öðrum nærliggjandi laxveiðiám undanfarin ár. Kannað verði hvort sveiflur í laxveiði haldist í hendur við aðrar veiðiár á Norðurlandi eða hvort
- Sérstaklega verði kannað hvort sveiflur í veiði haldist í hendur við sveiflur í veiði í Reykjadalssá og Mýrarkvísl í Reykjahverfi. Báðar þær ár sameinast Laxá til sjávar en tengjast hvorug sanduppsprettunum sem valda sandburðinum í Laxá. Þær eru því sambærilegar hvað varðar allar ytri aðstæður fyrir lax, þ.e. leið til sjávar, sjávarástand og aðra umhverfisþætti, en eru ólíkar Laxá að því leyti að í þeim er ekki sandburðurinn úr Kráká.
- Kannað verði hvort til séu heimildir um magn sandburðar, þ.e. hvort sandburður í Laxá hafi verið meiri eða minni á ákveðnum árum eða tímabilum.
- Ljóst er að sandburður hefur einkennt Laxá um aldabil. Mikilvægt er að það komi fram í tillögu að matsáætlun og einnig í matsskýrslu ef hún verður gerð.
- Brýnt er að kannað verði með vettvangsrannsóknum og heimildarvinnu hvort sandburður hafi breyst með tímanum, þ.e. aukist eða minnkað. Ef merkja má breytingar verði kannað með samanburði við sveiflur í veiði eða öðrum heimildum um ástand laxastofnsins, hvort ástand laxastofnsins tengist miklum eða litlum sandburði á tilteknum árum. Sérstaklega verði hugað að sandburði eða ástandi sands í Laxá í mestu veiðiárum og þeim verstu.
- Fengið verði álit sérfræðinga á því hver áhrif seiðasleppingar þeirrar sem stunduð hefur verið í Laxá í Aðaldal til áratuga, eru á eftirtalda þætti.

- hæfni laxastofns árinna til að aðlaga sig aðstæðum, þ.á.m. sandi þeim sem safnast hefur fyrir á botni Laxár undanfarnar aldir,
- almennan viðgang laxastofnsins í ánni.
- Metið verði hvort neikvæð áhrif geti hlotist af breyttum aðstæðum í Laxá neðan virkjunar með minnkuðum sandburði, t.d. fyrir fjölmargar fuglategundir sem nýta sandeyrar, sérhæft smádýralíf, flugu, botngróður, þörungur eða einstaka fiskistofna.
- Til eru ýmsar aðgerðir til að reyna að hafa áhrif á viðgang laxastofna. Þegar hefur verið gripið til stórfelldra seiðasleppinga í Laxá til margra áratuga og leggur nú framkvæmdaraðili til að reynt verði að draga úr sandburði. Fleiri aðgerða er hægt að grípa til, t.d. breytinga á landslagi botns árinna. Aldrei hefur verið spurt að því hvort slíkar aðgerðir séu yfirhöfuð æskilegar. Mjög mikilvægt er að fengið verði álit sérfræðinga í vatnavistfræði og Umhverfisstofnunar, sem leyfisveitanda á verndarsvæðinu, á fýsileika þess yfir höfuð að leggja höfuðáherslu á að breyta aðstæðum í Laxá eins og hægt er til að rækta laxastofninn upp fyrir „náttúrulegt ástand“ árinna.

## 11. Rekstrarleg afkoma Laxárvirkjunar

Í kafla drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að „Laxárstöðvar [séu] í dag óhagkvæmasta rekstrareiningin í orkuöflun Landsvirkjunar“ og að „rekstrargrundvöllur [komi] áfram til með að vera slæmur“<sup>8</sup>. Færa þarf ítarleg rök fyrir því hvað þetta þýðir nákvæmlega í samhengi við rekstrarlega stöðu og afkomu Laxárvirkjunar. Hvað þýðir það að vera óhagkvæmasta rekstrareiningin í orkuöflun Landsvirkjunar? Er Laxárvirkjun rekin með tapi? Skilar virkjunin nokkuð arði þrátt fyrir allt? Nákvæmlega hve miklum arði/tapi skilar virkjunin? Fyrirhuguð framkvæmd hefur sérstöðu meðal virkjunarframkvæmda að því leyti að hún byggir á rekstrarlegum forsendum/rökum en ekki því að verið sé að auka orkuframleiðslu eða stækka orkuver að ráði frá því sem fyrir er. Um er að ræða aðgerð sem hefur það eitt að markmiði að bæta rekstrarlega afkomu Laxárvirkjunar, en í drögum að tillögu að matsáætlun er afkoman sögð slök vegna rekstrarlegra vandamála af völdum ísmyndunar og sandburðar. Þessi sérstaða gerir það að verkum að fjárhagsleg afkoma virkjunarinnar verður að algeru aðalatriði í allri framsetningu framkvæmdatillögunnar. Allt raskið sem af hlýst er tilkomið og rökstutt með því einu að bæta þurfi rekstur þessarar einingar. Nánast engin aukning verður á orkuframleiðslu og engin samfélagsleg áhrif hljóttast af.

Í ljósi þessa er brýn nauðsyn á að í matsferlinu, þ.e. strax í tillögu að matsáætlun og í matsskýrslu ef af henni verður, verði birtar nákvæmar upplýsingar um rekstrarlega afkomu Laxárvirkjunar sem stakrar einingar. Brýnt er að slík umfjöllun verði ekki í formi almennra staðhæfinga eða vangavelta skýrsluritara eða ráðgjafa framkvæmdaraðila heldur þarf að færa fram nákvæmar tölur úr ársreikningi Landsvirkjunar þar sem afkoma virkjunarinnar kemur skýrt fram. Með þessu móti og ekki öðru getur framkvæmdaraðili sýnt þann ávinning sem af framkvæmdinni hlýst. Ef ekki verða birtar þessar upplýsingar hafa engin rök verið færð fyrir því að framkvæmdin skili yfirhöfuð neinum ávinningi!

## 12. Aðrir kostir.

Ef Landsvirkjun telur að í framtíðinni muni lagaumhverfi breytast á þá vegu að mögulegt verði að leggja í fyrirhugaða framkvæmd er nauðsynlegt að fjalla um og leggja fram til athugunar fleiri kosti en valkosti Landsvirkjunar í drögum að tillögu að matsáætlun (10 og 12 m hækkun). Þannig hafa verið uppi hugmyndir um mun minni stífluhækkun, þ.e. lægri stíflu

<sup>8</sup> Drög að tillögu að matsáætlun kafla 3.1.1, bls. 13.

og mun minna lón, sem leyst gæti helstu rekstrarvandamál Laxárvirkjunar. Staðfest hefur verið af stöðvarstjóra Laxárvirkjunar í samtali<sup>9</sup> að 3 m hækkun á stíflu muni að líkindum leysa þau vandamál hljótast af ís með núverandi virkjun. Einnig hefur verið rætt um breytingar á núverandi inntaksmannvirkjum Laxárvirkjunar til að komast hjá vandamálum vegna íss og sands. Þá má ekki gleymast að þar sem markmið framkvæmdar er eingöngu bætt rekstrarleg afkoma Laxárvirkjunar þarf að fjalla ítarlega um fyrirbyggjandi aðgerðir við Kráká vegna sandburðar sem sérstakan kost. Með því að fjalla eingöngu um og leggja fram þá kosti framkvæmdar sem Landsvirkjun telur vænlegast, er sveitarstjórnnum, landeigendum og öðrum sem hagsmuni eiga að gæta stillt upp við vegg, og nær komið í veg fyrir að matsferlið geti skilað nokkrum árangri. Ef vera á möguleiki á sátt um framkvæmdina í héraði þarf að fjalla ítarlega um og leggja fram alla mögulega kosti framkvæmdar, bæði þá sem vænlegastir eru m.t.t. umhverfisáhrifa og m.t.t. rekstrarlegra sjónarmiða. Hugsanlegt er að einhverjir kostir finnist þarna á milli sem þokkaleg sátt verði um.

Nauðsynlegt er að fjallað verði um eftirtalda kosti í matsskýrslu:

- lægri lónhæðir, þ.e. 2-3 m stíflu, 4-5 m stíflu, 6-7 m stíflu o.s.frv.
- breytingar á hönnun inntaksmannvirkja Laxárvirkjunar án stækkunar lóns
- aðgerðir við Kráká til að draga úr sandburði í Laxá

---

#### **NIÐURSTAÐA:**

Fyrirhuguð framkvæmd er á svæði sem nýtur hámarksverndunar vegna náttúrufars. Ekki eru önnur svæði á Íslandi meira eða sterkar vernduð með lögformlegum hætti, þ.m.t. Gullfosssvæðið, Dettifoss, Þingvellir og Þjórsárver. Stjórnvöld hafa tilnefnt svæðið sem alþjóðlegt votlendisverndarsvæði (RAMSAR) og sett um það sérstök verndarlög (lög nr. 36/1974) til að koma í veg fyrir allt frekara rask. Þá njóta jarðmyndanir á framkvæmdasvæðinu sérstakrar verndar. Lagt hefur verið fram frumvarp til breytingar á lögum um vernd Mývatns og Laxár og er í frumvarpinu augljóslega að sjá einbeittan vilja til að halda sömu verndarhendi yfir vatnasviði Laxár og verið hefur. Þá er svæðið þekkt á lands og heimsvísu fyrir tímamótasamkomulag það sem gert var um verndun þess til frambúðar fyrir um 3. áratugum.

Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að líta á umrædda framkvæmd sem afar mikilvægan prófstein á alla náttúruverndarumræðu á Íslandi og trúverðugleik framkvæmdaraðila og stjórnvalda.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eru ekki eingöngu umtalsverð skv. 3. viðauka laga nr. 106/2000 heldur eru áhrifin óréttmæt看leg þar sem ávinningur framkvæmdar er hverfandi. Hvort umhverfisáhrif framkvæmdar eru réttmæt看leg verður að horfa á í samhengi við ávinning, m.a. samfélagslegan. Um er að ræða framkvæmd sem byggir eingöngu á þeim grunni að aukinn verði hagnaður Landsvirkjunar af virkjuninni.

Farið er fram á það að fallið verði frá fyrirhugaðri framkvæmd í þeirri mynd sem hún er kynnt í drögum að tillögu að matsáætlun. Verði það niðurstaðan að halda áfram matsferlinu þrátt fyrir allt er farið fram á að farið verði að öllum tillögum sem fram koma í bréfi þessu.

---

<sup>9</sup> Kynningarfundur Landsvirkjunar vegna draga að tillögu að matsáætlun, Ýdölum, Aðaldal. 26. júní 2003.

Virðingarfyllst,




Halldór Valdimarsson

Garðarsbraut 37, 640 Húsavík

[hvald@ismennt.is](mailto:hvald@ismennt.is)

Halldór Valdimarsson  
Garðarsbraut 37, 640 Húsavík  
[hvald@ismennt.is](mailto:hvald@ismennt.is)



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1429*  
*komudagur 18.3.2004*

Reynihlíð 15 mars 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564 mál, heildarlög.**

Undirrituðum hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Umsögn um sambærilegt frumvarp var gerð af minni hálfu í mars 2003, vísast í hana varðandi athugasemdir við einstaka greinar. Þó er tvennt sem ástæða er til að ítreka sérstaklega:


1. Ekki virðist sérstaklega gert ráð fyrir atvinnulífi á því svæði sem lögin ná yfir. Í eldri lögum, númer 36/1974, er hefðbundnum landbúnaði veitt ívilnun umfram aðrar atvinnugreinar, sem var ópolandi mismunun. Frá þeim tíma hefur atvinnulíf í Mývatnssveit tekið stórstígum breytingum og er þar nú fjölbreytt nútíma atvinnulíf með iðnaði og þjónustu. Nauðsynlegt er að í verndarlögum eins og þeim sem hér um ræðir sé gert ráð fyrir atvinnulífi og verðmætasköpun sem nauðsynlegum samfélagsþætti og möguleikum þess til vaxtar og viðhalds samfélags manna. Ekki væri óeðlilegt að í 1 grein frumvarpsins um markmið laganna kæmi ákvæði um, auk þess að stula að náttúruvernd o.s.frv. væri að stuðla að blómlegu atvinnulífi og bættum búsetuskilyrðum á því svæði sem lögin ná yfir. Í samræmi við meginregluna um sjáfbæra þróun o.s.frv.
2. Í augum undirritaðs er bráðabirgðaákvæði III algerlega nauðsynlegt og hættulaust með öllu að hafa það inni í frumvarpinu. Sá málalíbúnaður sem fram hefur farið í héraði vegna þessa máls er algerlega ótímabær og óskiljanlegur.

Virðingarfyllst

Pétur Snæbjörnsson

*Hótel Reyniblíð*

660 Mývatn • Iceland • Sími/Tel.: 464 4170 • Fax: 464 4371  
E-mail: [bookings@reyniblid.is](mailto:bookings@reyniblid.is) • [www.reyniblid.is](http://www.reyniblid.is)



HÚSAVÍKURBÆR

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1353  
komudagur 15.3.2004

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

Alþingi  
- umhverfisnefnd  
150 Reykjavík

Húsavík, 16. mars 2004

**Efni: Umsögn bæjarráðs Húsavíkurbæjar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu, 130. löggjafarþing, 564. mál, heildarlög.**

Eftirfarandi umsögn var samþykkt á fundi bæjarráðs Húsavíkurbæjar 11. mars s.l.

Bæjarráð Húsavíkurbæjar telur framkomið frumvarp almennt hafa í för með sér jákvæða breytingu fyrir stjórnýslu í Skútustaðahreppi og að það beri að haga lagasetningu með þeim hætti að ákvæði almennra laga í einstökum málaflokkum gildi um land allt.

Vardandi einstakar lagagreinar vill bæjarráð þó taka skýrt fram að það leggst alfarið gegn efni 4. gr. frumvarpsins þar sem skilgreind er sérstök verndun vatnasviðs Laxár og Mývatns. Greinin gengur þvert gegn þeirri megin hugsun að ákvæði almennra laga eigi að gilda. Í gildi eru vatnalög og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir sem að mati bæjarráðs hljóta að tryggja nauðsynlega vatnsvernd á þessu vatnasvæði eins og öðrum í landinu. Skv. skilgreiningu er um að ræða stærstan hluta láglendis í sveitarfélaginu. Verði greinin að lögum er því um að ræða stórukið inngrip í stjórnýslu Húsavíkurbæjar frá því sem ákvæði nügildandi laga valda. Á því svæði sem um ræðir er allur sá landbúnaður sem stundaður er innan sveitarfélagsins. Þá kemur til greina að staðsetja atvinnurekstur sem nýtti háhitasvæðið á Þeistareykjum innan svæðisins.

Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin eftir niðurstöðu fundar í landeigendafélagi Laxár og Mývatns á dögum hvetur bæjarráð löggjafann til þess að taka bráðabirgðaákvæði III út úr frumvarpinu við vinnslu þess. Með því gefst málsaðilum tækifæri til að freista þess að ná samkomulagi um þau deilumál sem uppi hafa verið. Verði niðurstaða þeirra á þann veg að kalli á lagabreytingu, verður að treysta löggjafanum til þess.

Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem hér eru fram settar mælir bæjarráð Húsavíkurbæjar með samþykkt frumvarpsins.

Hjálögð er umsögn sem gefin var vegna frumvarps um sama efni sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi. Efni hennar er hér einnig útrekað eftir því sem við á.

Með vinsæld og virðingu,

  
Reinhard Reynisson



## HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

**Alþingi**  
**- Umhverfisstjórn**  
**v/ Austurvöll**  
**150 Reykjavík**

Húsavík, 5. maí 2003

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suðurlingeyjarssýslu, 128. löggjafarþing - 637. mál.**

Á fundi sínum 2. maí s.l. fjallaði bæjarráð Húsavíkurbæjar um ofangreint frumvarp og var svohljóðandi umsögn samþykkt samhljóða.


*Bæjarráð telur að frumvarpið hafi almennt í för með sér jákvæðar breytingar fyrir stjórnslu í Skútustaðahreppi og að samþykkt þess sé framfaraspor frá núgildandi lögum um vernd Mývatns og Laxár nr. 36/1974.*

*Frumvarpið og greinargerðin með því bera þess merki að fallist sé á þau sjónarmið, sem heimamenn hafa um nokkurt skeið haldið á lofti, að óþarfi sé að festa í sérlæg ákvæði sem almenn löggjöf í landinu tekur á og er það vel. Í því ljósi veur það furðu bæjarráðs að í frumvarpinu skuli gert ráð fyrir því að lögin taki sérstaklega til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár (sbr. 2. mgr. 2. gr. og 4 og 6. gr.). Almenn löggjöf sem tekur á vatnsvernd, s.s. vatnalög og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar á grundvelli þeirra, hljóta að vera fullnægjandi til að tryggja nauðsynlega vatnsvernd á þessu vatnasvæði, eins og öðrum.*

*Að öðru leyti tekur bæjarráð efnislega undir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um frumvarpið frá 10. apríl s.l.*

*Í ljósi ákvæða frumvarpsins um sérstaka vatnsvernd á skilgreindu vatnasviði Mývatns og Laxár, sem hefur í för með sér verulega aukið inngríp í stjórnslu Húsavíkurbæjar, telur bæjarráð það óeðlilegt að frumvarpið hafi ekki verið sent sveitarfélaginu til umsagnar fyrr en bæjarstjóri gekk eftir því sérstaklega.*

Með vinsemd og virðingu,

  
Bæjarstjóri Húsavíkur  
Reinhard Reynisson





# KÍSILIÐJAN VIÐ MÝVATN

NÝTING NÁTTÚRUAUÐLINDA Í ÞÁGU ÞJÓÐAR

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 130/1446*

*komudagur 19. 3. 2004*

**Nefndasvið Alþingis,  
b.t. Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Mývatni 15. mars 2004.

**Efni: Umsögn Kísiliðjunnar hf. um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög.**

Kísiliðjan hf. stendur við og itrekar umsögn sína, dagsetta 26. mars 2002, um fyrri frumvarpsdrög hvað viðkemur öllu öðru en því sem þegar hefur verið tekið tillit til.

Virðingarfyllst,  
f.h. Kísiliðjunnar hf.

Kristján Björn Garðarsson, framkvæmdastjóri.

**Meðfylgjandi:** Afrit af umsögn Kísiliðjunnar hf. um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu frá 26.mars 2002.



# AFRIT

Umhverfissráðuneytið  
Vonarstræti 4  
150 Reykjavík

b.t. Magnúsar Jóhannessonar, ráðuneytisstjóra  
og Ingibjargar Halldórsdóttur, lögfræðings

Reykjavík, 26. mars 2002.

**Efni: Umsögn Kísiliðjunnar hf. um drög að frumvarpi til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár.**

Vísað er til bréfs þíns, dags. 15. febrúar sl., en þar er óskað eftir að Kísiliðjan veiti umsögn um drög að frumvarpi til nýrra laga um verndun Mývatns og Laxár. Kísiliðjan hefur falið mér að setja fram eftirfarandi athugasemdir og hugleiðingar um frumvarpið eins og það lítur nú út. Kísiliðjan hefur mikilla hagsmuna að gæta vegna kunnrar námuvinnslu úr botni Mývatns. Mannlíf í næstu sveitarfélögum er að verulegu leyti háð starfsemi.

Eins og drögin eru sett fram er ljóst að það hefur grundvallarþýðingu hvern framkvæmd laganna komi til með að verða háttáð. Alitamálið er hvar mörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eiga að vera. Kísiliðjan mun standa vörð um sína hagsmuni.

**Almennt um drögin:**

Með drögunum er gert ráð fyrir að ný lög komi í stað núgildandi laga nr. 36/1974. Segja má um lögin frá 1974 að þau séu stutt og hnitmiðuð. Lítið sem ekkert hefur reynt á túlkun þeirra fyrir dómstólum, sem bendir til þess að ákvæðin séu þokkalega skýr. Í drögunum er ekki gerð heildstæð grein fyrir því hvernig lögin hafa reynst. Að þessu er reyndar vikið í almennum athugasemdum. Þar segir að lögin hafi sætt talverðri gagnrýni. Í fyrsta lagi telji sveitarstjórn Skútustaðahrepps að með lögunum sé tekið frá henni vald í skipulags- og byggingarmálum og í öðru lagi hafi stjórnslan í tengslum við lögin verið gagnrýnd fyrir að vera of þung í vöfum.

Umbj. m. lýsir sig sammála því að tími sé kominn til að endurskoða hvernig rétt sé að haga stjórnslu á svæðinu. Mikil þróun hefur átt sér stað í stjórnslurétti síðan lögin frá 1974 voru sett. Auk þess hefur orðið bylting í stjórnkerfi umhverfismála og umhverfissrétti.

Ef gagnrýni beinist aðallega að fyrrnefndum tveimur atriðum, þá efast umbj. m. um að í nýju lögunum felist miklar réttarbætur. Að því er varðar stjórnsluna er bent á eftirfarandi:

1. Einstök ákvæði draganna og heildin sem þau mynda eru miklu torskýrðari heldur en núgildandi ákvæði. Í athugasemdum um einstök ákvæði vik ég nánar að þessu, en þetta eitt og sér leiðir til réttaróvissu og gerir stjórnsýsluna miklu flóknari og erfiðari viðfangs en ella.
2. Ekki fæst séð að málsmeðferð og stjórnsýsla sé einfölduð svo nokkru skipti.
3. Valdheimildir stjórnvalda samkvæmt drögunum eru óskýrar og opnar. Lögín eru til lítillar leiðbeiningar um hvernig þau koma til með að verða framkvæmd.
4. Loks telur umbj. m. að nauðsynlegt hefði verið að fara nánar ofan í saumana á því stjórnsýslukerfi, sem nú er, og því sem boðað er með frumvarpinu. Nú nýverið fór umbj. m. í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Matið fór fram samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum. Núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum eru nr. 106/2000. Lögín hafa háleit markmið, sbr. 1. gr. þeirra. Málsmeðferð í tilviki umbj. m. lauk með úrskurði umhverfisráðherra dags. 1. nóvember 2000. Úrskurðurinn er 73 blaðsíður. Fyrir ráðuneytinu lágu fyrir fjöldi gagna og skýrslna sérfræðinga á ýmsum sviðum, m.a. Náttúruverndar ríkisins. Á grundvelli allra gagnanna var komist að niðurstöðu um að leyfa Kísiliðjunni afmarkaða framkvæmd með tilteknum skilyrðum. Málafnið fór fyrir dómstóla, sem er svo sem ekki frásögu færandi hér. Þá þykir ekki ástæða til að gera nákvæma grein fyrir málsmeðferð, hún er sérfræðingum ráðuneytisins vel kunn, en gera verður ráð fyrir að sérstaklega sé vandað til málsmeðferðarinnar, enda miklir hagsmunir í húfi.

Ástæða þess að þetta er gert að umtalsefni hér er að umbj. m. lítur svo á að í drögunum sem hér eru til umfjöllunar sé ekkert mið tekið af lögunum um mat á umhverfisáhrifum Umbj. m. spyr sig hvort hægt sé að álykta af því að stjórnvöldum samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum sé ekki treyst til að vinna verk sitt þegar Mývatn og Laxá eru annars vegar. Ef ekki, þá telur umbj. m. öll rök standa til þess að takmarka gildissvið laganna um mat á umhverfisáhrifum þannig að þau taki ekki til framkvæmda á landsvæðinu sem sérlögín um verndun Mývatns og Laxár taka til. Umbj. m. telur þó að miklu eðlilegra sé að treysta stjórnvöldum sem fara með framkvæmd almennu laganna um mat á umhverfisáhrifum, þau séu best í stakk búin til að taka ákvarðanir um leyfi til framkvæmda við Mývatn og Laxá ekkert síður en annars staðar. Á milli þessara tveggja laga vantar alla samræmingu. Einn möguleiki væri að setja ákvæði í lögín um verndun Mývatns og Laxár þess efnis að um framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögunum nr. 106/2000 um umhverfismat, skuli þau lög gilda um leyfið til framkvæmdarinnar. Vegna hlutverksins sem Náttúruvernd ríkisins er ætlað samkvæmt lögunum um vernd Mývatns og Laxár kæmi jafnframt til álita að tryggja samræmið enn frekar með sérákvæði um íhlutunarrétt stofnunarinnar. Það mætti gera með því að mæla fyrir um það í sérlögunum að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar á svæðinu, eins og það er skilgreint í lögunum, beri að leita sérstaks álits Náttúruverndar ríkisins.

Aðalatriðið í þessari gagnrýni Kísiliðjunnar er að verði drögin að lögum eins og þau eru nú, þá er viðhaldið e.k. tvöföldu stjórnsýslu- og eftirlitskerfi, sem hvort um sig er flókið og tafsamt. Áður en t.d. Kísiliðjan gæti ráðist í tiltekna matsskylda framkvæmd samkvæmt lögum nr. 106/2000, þá lítur út fyrir að henni

bæri fyrst að fara í gegnum matið á umhverfisáhrifum, með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn, sem ekki er svo sem ástæða til að gagnrýna á þessum vettvangi. Þá er Kísiliðjan aftur á byrjunarreit, þ.e. hún þyrfti að óska eftir leyfinu til framkvæmda samkvæmt 3. gr. ákvæðisins eins og það lítur út í drögunum. Umbj. m. spyr sig hvort þá eigi að byrja upp á nýtt með nýrri málsmeðferð, tilheyrandi gagnaöflun o.s.frv. Þetta telur umbj. m. í hæsta máta óeðlilegt og tviverknað, en eins og drögin og lagaumhverfið líta út í dag má tala um stjórnsýslubákn. Að mati umbj. m. þarf að hugsa þetta ferli allt saman upp á nýtt og samræma.

5. Um helgina birtust fréttir af víðtækri sameiningu stofnana, sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Umbj. m. telur það vera enn frekari rök fyrir nauðsyn þess að huga nánar að því stjórnsýslukerfi, sem boðað er með drögunum sem hér eru til umfjöllunar.

### **Um einstök ákvæði laganna eins og þau eru í drögunum:**

Umbj. m. leyfir sér einnig að gera athugasemdir við einstök ákvæði laganna, eins og þau koma fram í drögunum. Eins og áður sagði telur umbj. m. að í samanburði við eldri löggin séu ákvæðin fremur óskýr og stofnanaleg. Ég mun reyna að sleppa því að fara út í öll smáatriði, en á þessu stigi eru athugasemdir umbj. m. eftirfarandi:

#### Um 1. gr.:

Meginreglan um "sjálfbæra þróun" veldur mér heilabrotum. Þetta hugtak hefur svo sem verið í umræðunni lengi en við hvað er raunverulega átt? Í hverju er meginreglan fólgin, ef hún er þá til? Hverjar eru helstu undantekningarnar?

#### Um 3. gr.:

Í 1. málsg. segir að óheimilt sé að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á áður tilgreindu landsvæði. Ef ákvæðið er skilið bókstaflega felst í því að svo til allar framkvæmdir séu bannaðar, m.a. að umbjóðandi minn þyrfi að hætta allri sinni starfsemi. Umbj. m. trúir ekki að það sé ætlunin með ákvæðinu, en það þarf nokkra lagni að skilja ákvæðið á annan veg, eins fortakslaust og það er orðað.

2. málsg. er úr öllum takti við 1. málsg. Vísað er til náttúruminja sem njóta verndar samkvæmt ákvæði 1. málsg., þrátt fyrir að í 1. málsg. sé ekki minnst sérstaklega á náttúruminjar. Einnig er það álitamál hvernig Náttúruvernd ríkisins á að geta veitt leyfi af einhverju tagi ef hún á að vera bundin af fortakslausu banni samkvæmt 1. málsg. Loks held ég að ég fari rétt með að það er ekkert til í lögum sem heitir staðfest "aðalskipulagsáætlun".

Umbj. m. telur fyrrnefndar tvær málsgreinar vera afar ruglingslegar og spyr hvort núgildandi ákvæði séu ekki skýrari og betur samin. Þar segir orðrétt í 3. gr.: "Á landssvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndar ríkisins komi til."

Samkvæmt 3. málsg. setur ráðherra reglugerð. Ég hefði talið eðlilegra að orða það þannig að hann skuli setja eða geti sett reglugerð. Kommusetningu og setningarskipan þyrfti einnig að laga. Þetta eru svo sem smáatriði, en umbj. m. telur það skipta afar miklu máli hvernig þessi reglugerð sé eða komi til með að verða. Heimildir ráðherra eru bundnar svo litlum takmörkunum að fræðilega getur

reglugerðin skipt miklu meira máli heldur en sjálf löginn. Umbj. m. telur að það sé hlutverk löggjafarvaldsins að binda helstu fyrirmælin um efni reglugerðarinnar í sjálfan lagatextann, sem síðan verði þá nánar útfært í reglugerð. Heimild ráðherra til reglugerðarsetningar í 4. gr. er skýrari að þessu leyti, svo dæmi sé tekið.

Um 4. gr.

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við ákvæðið en bent á að setningarskipanin kemur illa út.

Um 5. gr.

Samkvæmt orðanna hljóðan í 2. málsg. felst í henni heimild Náttúruverndar ríkisins til að kveða á um frekari verndaraðgerðir á svæðinu en þær sem tilgreindar eru í sjálfum lögnum. Með þessu er stofnuninni falið óeðlilega mikið vald, vald sem nær miklu lengra heldur en löginn sjálf og þær reglugerðir, sem ráðherra getur sett! Má því segja að stofnuninni sé falið vald ofar lögum, sem er vafasamt hvort geti staðist. Umbj. m. telur að þetta ákvæði þurfi að skoða sérstaklega.

Um 6. gr.


Engar athugasemdir eru gerðar við þetta ákvæði, aðrar en þær að umbj. m. telur duga að gera verndaráætlun. Verndaráætlun fyrir vatn geti ekki annað en talist vera "vatnaverndaráætlun", eðli málsins samkvæmt. Þetta virðist því vera óþörf tvítekning.

**Að lokum:**

Kísiliðjan skorar á umhverfisráðuneytið og aðra sem koma til með að vinna frekar úr framangreindum drögum og taka uppbyggingu stjórnáætlunar til sérstakrar athugunar, m.a. hvort hún sé ekki miklu þyngri í vöfum og ruglingslegri en nauðsynlegt er. Vafalaust koma margar leiðir til greina í þessum efnum. Annars vísast til framansagðs. Umbj. m. væntir þess að honum verði veitt færi á að fylgjast með því hvernig unnið verði úr þessum athugasemdum, sem og hver framvinda þessa máls verður að öðru leiti.

Virðingarfyllst,

f. h. Kísiliðjunnar hf.,

  
Gísli Guðni Hall, hdl.  
f. h. Gunnars Jónssonar, hrl.

# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/1722

komudagur 14. 4. 2004



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 13. apríl 2004


## Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög

Landgræðsla ríkisins hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslum.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins ber Umhverfisstofnun ábyrgð á því að gerð sé verndaráætlun fyrir landsvæði það sem um getur í 3. mgr. 2. gr. Skal þar m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja, landnýtingu, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Í bráðabirgðaákvæði II eru sett tímamörk á friðlýsingu þeirra svæða sem skilgreind eru með mest verndargildi en lenda utan þess svæðis sem skilgreint er í frumvarpinu sem sérstakt verndarsvæði. Eðlilegra hefði verið að vinna við friðlýsingu þessara svæða væri lengra komin þegar frumvarpið var lagt fram svo ekki myndaðist tómarúm í verndun þeirra. Með öðrum orðum, þegar frumvarp þetta er orðið að lögum þá gildir verndun skv. núverandi lögum ekki lengur fyrir svæði sem falla ekki innan ramma frumvarpsins.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við frumvarpið, að svo stöddu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

  
Sveinn Runólfsson,  
landgræðslustjóri



# LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1404*  
*komudagur 22.3.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2004

**Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um mál nr. 564, Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu.**

Landssamband veiðifélaga hefur fjallað um áður nefnt frumvarp.

LV telur að eigi séu forsendur fyrir ákvæði til bráðabirgða nr. III í frumvarpinu, þar sem Landeigendafélag Laxár og Mývatns hefur á fundi hafnað áformum um hækkun stíflu eins og boðað er í nefndri lagagrein.

LV telur að fella eigi ákvæði til bráðabirgða nr. III brott úr frumvarpinu en gerir ekki aðrar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

f. h.

Landssambands veiðifélaga

Árni Snæbjörnsson,  
framkvæmdastjóri

Hr. Atli Vigfússon  
formaður Landeigendafélags Laxár og Mývatns  
Laxamýri

63 LAX-040

2. mars 2004

641 HÚSAVÍK


Efni: **Úrbætur í rekstri Laxárstöðva og sandburð í Laxá**

Eins og kunnugt er hefur Landsvirkjun um alllangt skeið leitað leiða til að bæta rekstrarskilyrði Laxárstöðva með tilliti til ís- og krapavandamála og sandburðar í Laxá. Landsvirkjun er einnig ljós áhugi heimamanna á því að draga úr sandburði í Laxá eða losna við hann. Hefur Landsvirkjun kynnt Skipulagsstofnun drög að tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfis-áhrifum stífluhækkunar við inntak Laxárstöðva I og III um 10 eða 12 metra í því skyni að bæta rekstrarskilyrði virkjunarinnar. Tillagan gerði einnig ráð fyrir því að sandur sem berst með Laxá yrði botnfelldur í lóninu að baki stíflunnar og að hann yrði fjarlægður úr lóninu þegar það fylltist. Landsvirkjun varð ljós andstaða margra heimamanna við framangreind áform þegar þau voru kynnt, og þá einkum þann þátt að safna sandi í lónið.

Heimamenn hafa nú endurvakið eldri hugmyndir um að stöðva sandinn sem berst í Laxá nærri upptökum hans í Kráká. Þannig mætti einnig hlífa efri hluta Laxár við sandinum. Reynist þetta gerlegt er vandkvæðalaust að miða hækkun stíflunnar við 8 metra, minnka þannig lónflötinn og væntanlega komast hjá sandsöfnun í Laxárdal.

Framangreindar hugmyndir voru ræddar á kynningarfundum með stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns sem haldinn var á Húsavík 17. febrúar síðastliðinn og óskaði Landsvirkjun þá eftir því að Landeigendafélagið tilnefndi tvo fulltrúa sína til þess að fylgjast með athugun á framangreindum hugmyndum og vera til ráðuneytis um lausn sem sátt gæti náðst um. Stjórnarmenn tóku hugmyndinni vel en óskuðu eftir því að formlegt erindi bærist Landeigendafélaginu þessa efnis.

Með vísan til framangreinds óskar Landsvirkjun hér með eftir því að Landeigendafélag Laxár og Mývatns tilnefni við fyrsta tækifæri tvo fulltrúa sína til samráðs og ráðuneytis í framangreindu augnamiði.

Virðingarfyllt  
  
Bjarni Bjarnason  
framkvæmdastjóri orkusviðs

Afrit: Umhverfisráðuneyti;  
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti;  
Umhverfisnefnd Alþingis;

Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri  
Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri  
Sigríður Anna Þórðardóttir formaður







Alþingi  
Erindi nr. P 130/1526

Landsvirkjun komudagur 24.3.2004

Nefndasvið Alþingis  
b.t.: umhverfisnefndar  
Austurstræti 8 - 10

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 23.03.2004

150 REYKJAVÍK

Efni: **Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu  
564. mál**

Með bréfi nefndarinnar frá 2. mars 2004 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög. Svar fyrirtækisins fer hér á eftir:

Með sáttargerðarsamningi frá 18. og 19. maí 1973 milli stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands voru mörkuð lok svonefndrar Laxárdeilu. Í 1. grein samningsins lýsti Laxárvirkjun yfir, “að hún muni ekki stofna til frekari virkjana í Laxá, umfram þá 6,5 MW virkjun, sem nú er unnið að og sem ekki hefir vatnsborðshækkun í för með sér, nema til komi samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns”. Í 9. grein samningsins sagði að “Ríkisstjórnin mun láta semja frumvarp til laga um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins og leggja það fyrir Alþingi.” Ýmis fleiri atriði voru í samningi þessum.

Í framhaldi af samningsgerðinni beitti ríkisstjórnin sér fyrir setningu laga um verndun Mývatns og Laxár nr. 36/1974, sem staðfest voru 2. maí það ár. Í 3. grein laganna var sett svofellt ákvæði: “Á landssvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til. Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.” Tilvitnuð ákvæði standa enn óbreytt í lögnum nema að Umhverfisstofnun kemur nú í stað Náttúruverndarráðs.

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir nokkurri breytingu á upphafi 2. greinar þar sem spjöll og rask á lífríki, jarðmyndunum og landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. er fortakslaust óheimilt. Hins vegar standa óbreytt ákvæði um að almennt séu óheimilar breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna, að öðru leyti en því, að nú er það Umhverfisstofnun í stað Náttúruverndarráðs sem getur gefið sérstakt leyfi til slíkra framkvæmda enda séu þær “til verndunar og ræktunar þeirra”.

Fram hefur komið sú túlkun á lagaákvæðum þessum að þau girði fyrir það að heimila megi hækkun stíflu í Laxá, og það án tillits til þess hvort slík framkvæmd kynni að bæta skilyrði fyrir fisk neðan hennar vegna minni sandburðar, enda sé það ekki eini tilgangurinn með



Landsvirkjun  
er bakhjarl  
Þjóðminjasafns Íslands

Háaleitisbraut 68 • 103 Reykjavík • Sími: 515 9000 • Myndriti: 515 9007 • landsvirkjun@lv.is • www.lv.is

100 ár

RAFMAGN Á ÍSLANDI 1904-2004



stífluhækkuninni. Má í þessu efni vísa til svarbréfs Umhverfisstofnunar, dags. 10.12.2003, við fyrirspurn Landsvirkjunar um það hvernig stofnunin telji að túlka beri 2. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1974 með tilliti til fyrirhugaðra óska Landsvirkjunar um hækkun Laxárstíflu. Í bréfi Umhverfisstofnunar er sneitt hjá að svara erindi Landsvirkjunar beint en lögð rík áhersla á orðalag laganna um að einungis þær framkvæmdir séu heimilar sem annað hvort miða að því að vernda vatn á svæðinu eða rækta það.

Miðað við þessa þröngu túlkun laganna þá ganga þau lengra en samningurinn gerði ráð fyrir og tillögur um hækkun Laxárstíflu kæmu aldrei til kasta Landeigendafélagsins sem fær þá ekki tækifæri til að taka afstöðu í slíku máli eins og þó var gert ráð fyrir í sáttargerðarsamningnum.

Bráðabirgðaákvæði III í fyrirliggjandi frumvarpi er ætlað að bæta úr þessum annmarka. Ákvæðið setur það að skilyrði fyrir hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri, að áður fari fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. lög nr. 106/2000. Jafnframt er Umhverfisstofnun gert kleyft að leggja faglegt mat á hvort heimila beri slíka hækkun og loks er opnað fyrir það að Landeigendafélagið geti látið í ljós vilja sinn í slíku máli eins og til var stofnað í sáttargerðarsamningnum frá 1973. Ekki er í frumvarpinu hróflað við rétti Landeigendafélagsins til að hafna slíkri hækkun ef sú yrði niðurstaða félagsmanna.

Áform Landsvirkjunar um að hækka Laxárstíflu miða að því að tryggja rekstur Laxárstöðva til frambúðar en eins og kunnugt er þá er reksturinn ótraustur á vetrum vegna ísavandamála við inntaksmannvirki. Auk þess er viðhalds- og rekstrarkostnaður Laxárstöðva það hár að tekjur af rafmagnssölu nægja tæpast til að standa undir þeim dýru endurbótum á stöðvunum sem ráðast þarf í á næstu árum.

Landsvirkjun styður frumvarp það sem hér liggur fyrir og leggur áherslu á efni bráðabirgðaákvæðis III sem ætlað er að tryggja að unnt verði að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum stífluhækkunar í Laxá í samræmi við lög nr. 106/2000.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en fulltrúar fyrirtækisins eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að hitta umhverfisnefnd komi fram ósk um það.

Virðingarfyllt

Friðrik Sophusson  
forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1663  
komudagur 5.4. 2004

Umhverfisráðherra  
Siv Friðleifsdóttir  
Umhverfisráðuneytið  
Vonarstræti 4  
150 REYKJAVÍK

Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður  
Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

1. apríl 2004

**Sameiginleg ósk um að bráðabirgðaákvæði III falli brott og yfirlýsing um viðræður**

Landeigendafélag Laxár og Mývatns hélt almennan félagsfund að Narfastöðum 4. mars síðastliðinn. Fundurinn lýsti harðri andstöðu gegn því að bráðabirgðaákvæði III í frumvarpi til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu yrði að lögum. Fundurinn tók einnig til afgreiðslu erindi Landsvirkjunar um að Landeigendafélagið tilnefndi tvo fulltrúa sína til viðræðna við Landsvirkjun um lausn á rekstrarvanda Laxárvirkjana. Mikill meirihluti fundarmanna samþykkti tillögu sem borin var upp á fundinum þess efnis að tilnefna fulltrúa sína til viðræðna við Landsvirkjun gegn því skilyrði að umrætt bráðabirgðaákvæði III væri fellt út úr frumvarpinu. Báðum aðilum er ljóst að lausn verður ekki fundin nema í góðu samstarfi og að endanleg tillaga til lausnar hljóti samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns.

Í ljósi þess sem að framan greinir fara stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Landsvirkjun þess hér með sameiginlega á leit við umhverfisnefnd Alþingis að nefnt bráðabirgðaákvæði III verði fellt út úr frumvarpinu. Jafnframt lýsa báðir aðilar því yfir að þeir muni skipa viðræðunefnd til að leita lausnar á rekstrarvanda Laxárvirkjana jafnskjótt og bráðabirgðaákvæðið fellur brott. Leiði viðræður aðila til þess að lausn finnist sem báðir geti sætt sig við þá munu þeir sameiginlega óska eftir því við Alþingi að heimilað verði í lögum að láta meta umhverfisáhrif þeirrar lausnar, reynist það nauðsynlegt.

f.h. Landsvirkjunar

f.h. stjórnar Landeigendafélags  
Laxár og Mývatns



Friðrik Sophusson  
forstjóri



Atli Vigfússon  
formaður stjórnar



Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið / Eva Margrét Ævarsdóttir  
150 Reykjavík

19. mars 2004

**Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564 mál heildarlög.**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 2. mars 2004.

Stjórn Landverndar getur tekið undir öll megin atriði frumvarpsins en gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði.

**4. gr.**

Í 4. gr. segir að umhverfisráðherra skuli seta reglugerð um varnir gegn hverskonar mengun á vatnasviði Mývatns- og Laxár. Stjórn Landverndar telur að það eigi að vera forsenda gildistöku laganna að þessi reglugerð liggja fyrir og að fram að þeim tíma gildi eldri lög.

Rannsóknir á eðli og orsökum sveiflna í fæðukeðju Mývatns sýna að stærð og stofn silunga og anda stjórnast af fæðuframboði. Fremur vægar truflanir á vistkerfinu geta orðið til þess að mýsveiflur magnist, en mýið er undirstöðufæða í vistkerfi Mývatns og Laxár. Í tengslum við jarðvarmavirkjanir og iðnaðarstarfsemi getur verið talsverð hætt á mengun vatns og það getur haft áhrif á vistkerfið. Því er nauðsynlegt að reglur um þetta liggja fyrir við gildistöku laganna.

**6. gr.**

Í 6. gr. er Umhverfisstofnun falið að gera verndaráætlun fyrir Skútustaðahrepp auk Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

Stjórn Landverndar fagnar þessu ákvæði og leggur áherslu á að vinnu við þess áætlun verði hraðað.

Síðar segir að verndaráætlunin skuli gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og umhverfissamtök á svæðinu og stofnanir sem starfa lögum samkvæmt á sviði náttúruverndar, vatnsverndar og veiðinýtingar.

Stjórn Landverndar gerir athugasemd við að samvinna um gerð verndaráætlunarinnar skuli bundin við hagsmunaaðila og umhverfisverndarsamtök á svæðinu. Mývatn og Laxá hafa mikið gildi á landsvísu og alþjóðlega og því nauðsynlegt að samvinna sé ekki einskorðuð við aðila á svæðinu heldur nái jafnframt til aðila utan svæðisins sem starfa á landsvísu s.s. Landverndar, Fuglaverndar og Náttúruverndarsamtök Íslands.

**7. gr.**

Í 7. gr. er fjallað um Náttúruvannsóknarstöðina við Mývatn og hlutverk hennar skilgreint sem rannsóknir á náttúru og lífríki Mývatns. Þar er ekki getið um umsagnir og ráðgjöf.

Stjórn Landverndar telur skynsamlegt að tilgreina í lögnum að leita beri til rannsóknarstöðvarinnar um umsögn og ráðgjöf um framkvæmdir og aðgerðir sem hugsanleg geta haft áhrif á lífríki vatnsins. Rannsóknarstöðin er og verður áfram miðstöð þekkingar um vatnið og þá þekkingu ber að virkja við mat á áhrifum framkvæmda á svæðinu. Í greinargerð við frumvarpið segir að nefndin sem vann frumvarpið hafi verið sammála um að óheppilegt væri að stjórn stöðvarinnar væri lögbundinn umsagnaraðili um allt er lýtur að framkvæmd laganna um vernd Mývatns. Í þessu frumvarpi er lagt til að nefndin verði lögð miður og því yrði það hlutverk forstöðumanns stöðvarinnar skila umsögn um framkvæmdir.

### **Bráðabirgðarákvæði II**

Í bráðabirgðarákvæði II segir að Umhverfisstofnun skuli þegar hefjast handa við undirbúning friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir löginn en engu síður er mikilvægt að vernda. Skal umhverfisráðherra tilkynna landeigendum og viðkomandi sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum hvað áformað sé að gera í þessu samhengi en að öðru leyti gildi náttúrverndarlögin um alla málsmeðferð.

Stjórn Landverndar telur nauðsynlegt að ákvæði um þetta atriði séu skýrari. Í Skútustaðahreppi er fjöldi náttúruminja sem hafa afar hátt verndargildi vegna mikilvægis fyrir lífríki vatnsins og sem sérstæðar jarðmyndanir og landslag. Hér má vísa til svæða sem falla undir verndarflokka I og II á náttúruverndarkorti fyrir Mývatnssveit. Þar til friðlýsingu á þessum svæðum lýkur þarf að vera í gildi bráðabirgðarákvæði sem kveða á um að ekki megi veita framkvæmda- og byggingaleyfi á þessum svæðum nema að heimild Umhverfisstofnunar liggi fyrir.

### **Bráðabirgðarákvæði III**

Bráðabirgðarákvæði III felur í sér heimild fyrir hækkun stíflu í Laxá í Aðaldal, að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sem og heimild til að hefja mat á umhverfisáhrifum vegna slíkrar hækkunar.

Stjórn Landverndar varar almennt við undanþáguheimildum af þessu tagi í lögum um verndun náttúru, nema brýna og alvarlega nauðsyn beri til. Að mati stjórnarinnar á það að vera almenna reglan, að verndunarlög standi óskert í meginatriðum og afar þung rök þurfi að vera fyrir undanþágum frá þeim og öðrum frávikum. Frekari rök fyrir þessari afstöðu er að finna í yfirlýsingu stjórnar Landverndar frá 9. febrúar s.l. í viðauka. Stjórn Landverndar telur því að fella beri út bráðabirgðarákvæði III.

Fh. stjórnar Landverndar

Virðingarfyllst,

Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri

*Viðauki við bréf stjórnar Landverndar til umhverfisnefndar Alþingis,  
mars 2004*

Yfirlýsingu stjórnar Landverndar vegna bráðabirgðarákvæðis III:

### **Laxárvirkjun og lagabreytingar**

Umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um verndun Laxár og Mývatns. Í tillögunum er bráðabirgðarákvæði sem felur í sér heimild fyrir hækkun stíflu í Laxá í Aðaldal, að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns, sem og heimild til að hefja mat á umhverfisáhrifum vegna slíkrar hækkunar. Ákvæði þetta felur í sér sértæka undanþágu frá lögnum um verndun Laxár og Mývatns.

Stjórn Landverndar varar almennt við undanþáguheimildum af þessu tagi í lögum um verndun náttúru, nema brýna og alvarlega nauðsyn beri til. Að mati stjórnarinnar á það að vera almenna reglan, að verndunarlög standi óskert í meginatriðum og afar þung rök þurfi að vera fyrir undanþágum frá þeim og öðrum frávikum. Gildir það sérstaklega um svæði, sem nýtur verndar samkvæmt sérstökum lögum og er alþjóðlegt verndarsvæði, eins og vatnasvæði Laxár og Mývatns. Áformuð undanþága getur leitt til framkvæmdar sem feli í sér umtalsverð inngríp í náttúru svæðisins til viðbótar það sem orðið er.

Í tillögum sem kynntar hafa verið er ráðgert að hækka stífluna um 10 til 12 metra með inntakslóni er næði til 0,25 til 0,35 ferkílómetra til að draga úr slitu á vélum Laxárvirkjunar af völdum sandburðar með myndun sandgildra. Áformuð framkvæmd á einnig að bæta rekstur Laxárvirkjana með því að draga úr truflunum vegna ís- og krapastíflna. Jafnframt á framkvæmdin að draga úr óvissu um afhendingu raforku á svæðinu auk þess sem hún eykur samanlagt afla virkjananna úr 27,5 MW í 32,5 MW.

Stjórn Landverndar telur eðlilegt að leitað sé leiða til að draga úr rekstrartruflunum, bæta afkomu virkjunarinnar og auka öryggi í afhendingu raforku á svæðinu. En hafa verður í huga að verndarhagsmunir svæðisins eru verulegir en virkjunarhagsmunir eru takmarkaðir þegar litið er til afls virkjana. Þá má líta á þann kostnað sem felst í núverandi stöðu sem fórnarkostnað virkjunarinnar við að vera í rekstri á vernduðu vatnasvæði. Gildir það enn frekar ef líkur eru á að draga megi úr sandburðinum í tímans rás með landgræðslu og öðrum aðgerðum, þannig að aðeins sé um tímabundinn kostnað að ræða. Þá ætti betri tenging svæðisins við byggðalínu að draga úr óvissu um afhendingu á raforku. Stjórnin telur því að huga þurfi betur að þessum hliðum málsins áður en farið verður að fjalla um hugsanlegar undanþágur eins og felst í tillögu að bráðabirgðaákvæði við lögin.

Stjórn Landverndar hvetur því umhverfisráðherra til að draga tillögu að bráðabirgðaákvæði (ákvæði III) til baka. Stjórnin telur að ekki séu nægar efnislegar forsendur fyrir því að gera tilslakanir af þessu tagi á núverandi lögum um verndun Laxár og Mývatns. Öll umfjöllun um hugsanlegar tilslakanir ætti að bíða þar til verndaráætlun hefur verið gerð fyrir svæðið.

*Samþykkt af stjórn Landverndar 9. febrúar 2004*

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1445**  
**komudagur 19.3.2004**



Laxárfélagið  
Skipholti 35  
105 Reykjavík  
S: 568 6277  
nasf@vortex.is

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

15. mars, 2004

**Varðar frumvarp til laga um verndun Mývatns og  
Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög:**

Í áratugi hefur Laxárfélagið fylgst með lífríki Laxársvæðisins. Í þessu skini hefur félagið átt fjölda samráðsfunda með hagsmunaaðilum og leitað til færustu sérfræðinga. Í samvinnu við NASF, verndarsjóð villtra laxastofna fékk félagið til landsins erlenda sérfræðinga í búsvæðum vatnafiska árið 1999. Í kjölfar þeirra heimsókna var lagt til að byggð yrði þriggja hólfa sandgildra í Kráká og yrði hún starfrækt í amk í nokkur misseri til að hægt yrði að gera ítarlegar mælingar og raunhæfar rannsóknir á sandinum. Sandinum átti að dæla í hóla og þeir græddir upp. Þetta leggjum við enn til að verði gert áður en lengra verður haldið.

Sérfræðingar okkar rissuðu upp teikningu af gildrunni sem fylgir hér með þessari álitsgerð.

Í ljósi ábyrgðar ríkisstjórnarinnar með lögnum nr. 36/1974, telur Laxárfélagið eðlilegt að ríkissjóður en ekki Landsvirkjun greiði fyrir kostnað við uppsetningu og rekstur sandgildrunnar.

Samhliða þessu verkefni væri hægt að skoða hvort staðsetja mætti stífluna neðar (allt að 100 metrum neðar) og hugsanlega gera nýtt inntak í jarðgöngin og skoðaðar aðrar lausnir til að fleyta íshröngli og krapi fram hjá inntaki.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Orri Vigfússon'. The signature is fluid and cursive, with a small flourish at the end.

f.h. Laxárfélagsins,

Orri Vigfússon formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1511  
komudagur 24.3.2004



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS  
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík  
Sími: 525 4600  
Bréfasími: 525 4069

22.03.04

Meðfylgjandi eru þrjár umbeðnar umsagnir til Nefndasviðs;

- 1) Um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004
- 2) Um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu
- 3) Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, 594. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004

Ég hef haft þann háttinn á sem endranær að leita umsagna hjá tilteknum sérfræðingum stofnunarinnar sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði og hafa sett sig rækilega inn í tiltekið mál.

Vegna mikilla anna á stofnuninni í kjölfar flutninga í nýtt húsnæði dróst að setja saman umsögnina vegna fyrsta málsins. Er beðist velvirðingar á því með von um að umsögnin komi engu að síður að gagni.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in cursive script, reading "Sigurður S. Snorrason".

Sigurður S. Snorrason  
forstöðumaður





LÍFFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLANS  
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík  
Sími: 525 4600  
Bréfasími: 525 4069

### **Umsögn um Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu**

Mývatn og Laxá eru með merkilegustu vatnasvæðum heims og Íslendingar hafa undirstrikað það með því að setja svæðið á skrá Ramsar sáttmálans um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi árið 1977. Verndun vatnasviðs Laxár og Mývatns og aðliggjandi svæðis var staðfest með sérstökum lögum sem nær til alls Skútustaðahrepps auk Laxár að ósi. Þessi víðtæka verndun sýnir mikla fyrirhyggju því að á svæðinu norðan Vatnajökuls eru jarðsöguminjar sem tengjast gosvirkni á einu af örfáum rekbeltum sem eru ofansjávar. Því er eðlilegt að svæðið dragi að sér vaxandi fjölda ferðamanna.

Það er því mikilvægt að fara varlega í breytingar á verndunarákvæðum á svæðinu og sömuleiðis er mikilvægt að slíkar breytingar séu byggðar á haldgóðum upplýsingum. Fyrsta stig aðgerða hlýtur að vera gerð verndaráætlunar, en sérstaklega er kveðið á um verndaráætlun í Ramsar sáttmálanum. Verndaráætlun fyrir allt núverandi verndarsvæði er einnig mikilvæg vegna hugmynda um Eldfjallapjódgarð, hugmynda um verndun vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum og vegna fjölda náttúruminja sem njóta nú verndar en myndu falla utan þess verndarsvæðis sem lagt er til.

Eðlilegt er að verndaráætlun sé unnin og lögð fram áður en nógildandi lög eru felld úr gildi og verndarákvæðum aflétt af stórum svæðum norðan Vatnajökuls og verndarsvæðið rýrt stórlega. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vinnu við verndaráætlun verði lokið á árinu 2005.

Af frumvarpi og greinargerð er ekki ljóst hvort allt Ramsar svæðið er innan fyrirhugaðs verndarsvæðis. Ef eitthvað skortir þar á er eðlilegt að stækka verndarsvæðið sem því nemur. Jafnframt er tilhlýðilegt að leita álits Ramsar skrifstofunnar á þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvarpinu.

Full ástæða virðist vera til að kveða fastar að orði í upphafi 4. gr. frumvarpsins, til samræmis við upphaf 3. gr.: “Óheimilt er...” enda lítil fæling og örðugt að beita refsiakvæðum ef byggja þarf á óskýru orðalagi (“Forðast skal...”).

Eðlilegt virðist að breyta 11. gr. í þá veru að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 enda hafi gerð verndaráætlunar þá verið lokið svo og gerð friðlýsinga í samræmi við verndaráætlun. Jafnframt má þá fella niður öll bráðabirgðaákvæði.

Margt er til bóta í lagafrumvarpinu, m.a. ýtarlegur texti, breytingar á stjórnun Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og tilkoma fagráðs. Ekki virðist þó tímabært að taka frumvarpið til afgreiðslu fyrr en sér fyrir endann á nauðsynlegri undirbúningsvinnu. Margt getur breyst og skýrst á þeim tíma og má því búast við haldbetri lagasetningu en ella.

22. mars 2004

Ólafur S. Andrésson, prófessor

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1481*  
*komudagur 23. 3. 2004*

Umhverfisnefnd Alþingis  
 Eva Margrét Ævarsdóttir  
 nefndaritari  
 Alþingi v/Austurvöll  
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2004  
 2003030012/016-1  
 SB/hj

### Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 2. mars þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gert athugasemdir við fyrri drög þessa frumvarps, sbr. bréf til umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. maí 2003. Núverandi frumvarp er að mestu samhljóða þeim drögum að undanskilum nýju bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að Umhverfisstofnun geti heimilað hækkun stíflu við inntak Laxárstöðva I og III efst í Laxárgljúfri, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.

#### Athugasemdir

1. Náttúrufræðistofnun Íslands fellst á þau rök að eðlilegt sé að breyta lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í ljósi þeirra gagngeru breytinga sem orðið hafa á umhverfis- og náttúruverndarlöggjöf síðan lögin voru sett. Einnig telur stofnunin eðlilegt að miða verndarákvæði sérlaganna fyrst og fremst við Mývatn og Laxá og næsta nágrenni og að aðrar náttúruminjar í Skútustaðahreppi verði verndaðar á grundvelli náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

2. Samkvæmt frumvarpinu munu ný lög þrengja mjög gildissvið eldri laga um verndun Mývatns og Laxár, nr. 36/1974. Þótt flestar mikilvægustu lífríkisminjar Skútustaðahrepps verði innan hins friðlýsta svæðis, lenda a.m.k tvö afar sérstök jarðhitagróðursvæði, Bjarnarflag og Jarðbaðshólar, utan þess. Þar hafa nýlega fundist sárasjaldgæfar tegundir tungljurta (afbrigði dvergtungljurtar „Íslandstungljurt“ *Botrychium simplex* var. *tenebrosum* og keilutungljurt *Botrychium minganense*). Mjög margar einstæðar jarðminjar falla utan hins friðlýsta svæðis. Þar nægir að nefna gjóskugíginn Hverfjall, gígaraðirnar Lúdens- og Þrengslaborgir, hraundrangana Dimmuborgir og Klasa, hraungjárnar Stórugjá og Grjótagjá og hverasvæðin við Jarðbaðshóla, Hverarönd og Leirhnjúk.

Gert er ráð fyrir að nýju lögin taki gildi 1. maí 2004 og að óskilgreindur hluti ofangreindra náttúruminja verði friðlýstur samkvæmt lögum nr. 44/1999 fyrir 1. janúar 2008. Þar með skapast rúmlega þriggja ára millibilsástand þar sem einstæðar náttúruminjar verða án



lagaverndar. Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á að þetta sé bæði varhugavert og óþarft og að líta beri á þetta sem samhangandi mál, þ.e. að breyta ekki lögnum fyrir en gengið hefur verið frá friðlýsingum merkra náttúruminja sem falla utan þeirra.

3. Ákvæði til bráðabirgða II (2.mgr.) gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra tilkynni hagsmunaaðilum, við gildistöku laganna, hvaða [önnur] landsvæði áformað er að friðlýsa samkvæmt lögum nr. 44/1999. Framkvæmd þessa ákvæðis er óljós að mati Náttúrufræðistofnunar. Í greinargerð (bls. 14) er nefnt að vinna hafi farið fram á vegum Náttúruverndarráðs og síðar Náttúruverndar ríkisins við að skilgreina hvaða landsvæði á Mývatnssvæðinu hafi mest verndargildi. Þar er vísað til náttúruverndarkorts af svæðinu (Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 19, 1987). Ekki virðist þó ætlunin að vernda allar minjar sem þar eru skráðar, sbr. “Ljóst er að margar mikilvægar náttúruminjar sem líta má á sem órjúfanlegan hluta Mývatnssvæðisins falla utan þess svæðis sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að friðlýsa **margar** [feitletrun NÍ] þessar náttúruminjar”. Hæpið er að umhverfisráðherra hafi við gildistöku laganna, 1.maí 2004, fræðilegar forsendur til að gera upp á milli svæða af náttúruverndarkorti yfir Mývatnssveit því lítill tími verður til stefnu fyrir Umhverfisstofnun til að gera vandaða úttekt á þessu. Sé hugmyndin sú að nota vinnu Náttúruverndarráðs og Náttúruverndar ríkisins frá 1987, og miða t.d. við svæði I og II á náttúruverndarkorti, virðist hreinlegra að taka það skýrt fram og telja svæðin upp í lögnum – þar með væri óvissu eytt.

Einnig má benda á að náttúruverndarkortið frá 1987 er að sumu leyti barn síns tíma. Síðan það var unnið hafa forsendur og aðferðafræði við mat á verndargildi jarðminja breyst og þróast (sbr. t.d. Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson 2002. Verndun Jarðminja á Íslandi - tillögur vegna náttúruverndaráætlunar. NÍ - 02019). T.d. orkar tvímælis í dag að skilgreina gíga og gígaraðir í annan verndarflokk en nútímahraun sem frá þeim eru runnin eins og gert er á ofangreindu náttúruverndarkorti. Almennt mundi tilhneigingin í dag vera sú að líta til jarðfræðilegra heilda í meira mæli en þá var gert. Þess vegna er eðlilegt að gera ráð fyrir nokkurri vinnu við endurmat þessara jarðminja.

4. Mývatn og Laxá er eitt þriggja svæða sem Ísland hefur tilgreint sem Ramsarsvæði. Í Ramsars-samþykktinni og lykilskjöllum hennar<sup>1</sup> er skýrt kveðið á um að ekki megi breyta mörkum Ramsarsvæða nema þjóðarnauðsyn krefji og í þeim tilvikum ber aðildarríkjum að tilnefna önnur votlendissvæði til mótvægis. Mörk Ramsarsvæðisins við Mývatn og Laxá eru sýnd í tilkynningu utanríkisráðuneytisins árið 1978. Þar kemur fram að vestur mörk svæðisins fylgja landamerkjum Skútustaðahrepps. Ekki kemur fram í umræddu frumvarpi hvort og þá að hve miklu leyti ný lög munu breyta mörkum Ramsarsvæðisins. Taka þarf af allan vafa um þetta í greinargerð, að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands, t.d. með því að teikna Ramsarsvæðið inn á kort sem sýnir fyrirhugað vatnsverndarsvæði.

5. Aðildarlönd Ramsar-samþykktarinnar eru skuldbundin til að tryggja verndun Ramsarsvæða með friðunaraðgerðum og gerð verndaráætlana. Engin verndaráætlun hefur enn verið gerð fyrir Mývatns- og Laxársvæðið og frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að slíkri áætlanagerð verði lokið fyrir en 1. janúar 2006, þ.e. einu og hálfu ári eftir gildistöku laganna. Eðlilegra væri, að mati Náttúrufræðistofnunar, að gildistaka nýrra laga og gerð og samþykkt verndaráætlunar færu saman.

6. Bráðabirgðaákvæði III um hækkun Laxárstíflu, að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, er að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands ekki í anda þeirrar markmiðssetningar sem fram



kemur í 1. gr. þ.e. að lögin eigi að stuðla að “náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum” og “ tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.” Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að Laxá í Þingeyjarsýslu er einstök m.t.t. lífríkis (sjá t.d. ritlista á heimasíðu Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn: <http://www.hi.is/HI/Stofn/Myvatn/isl/homframe.htm>) og áin ofan stíflu hefur mikið aðdráttarafl fyrir veiðimenn vegna fegurðar og öflugurs urriðastofns.

Rök sem færð eru fyrir nauðsyn bráðabirgðaákvæðis III í greinargerð (bls. 14) eru m.a. rekstrarerfiðleikar vegna sandburðar í Laxá og ís- og krakamyndunar í lóni við inntak virkjunarinnar. Þetta veldur vélasliti og truflunum í rekstri. Náttúrufræðistofnun Íslands treystir sér ekki til að leggja sjálfstætt mat á þessi atriði m.a. vegna þess að gögn yfir þróun sandburðar og krapareks í Laxá liggja ekki fyrir. Sú skoðun heyrir að bæði sandburður og krapamyndun í Laxá hafi minnkað á undanförunum áratugum, m.a. vegna landgræðsluáðgerða við Krákárbotna. Í ljósi þess að í húfi er hluti af einu lífríkasta straumvatni landsins telur Náttúrufræðistofnun Íslands eðlilega kröfu að framkvæmdaaðili leggi fram gögn um þessi atriði ásamt afkomuspám fyrir Laxárvirkjun með og án stífluhækkunar áður en hugað er að lagabreytingum. Ekki þarf formlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda til að afla þessara gagna eða birta þau. Stofnunin leggur því eindregið til að ákvæðið verði fellt niður.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

<sup>1</sup> [http://www.ramsar.org/cop4\\_review\\_smart.htm](http://www.ramsar.org/cop4_review_smart.htm), liður 105



Alþingi  
Erindi nr. P 130/1563  
komudagur 26. 3. 2004



Náttúruvísindisstofnun  
við Mývatn

Skútustaðir, 660 Reykjahlið · Kt.: 691293-2629  
Sími/fax: 464 4281 · Netfang: myvatn@rhi.hi.is  
Vefsíða: www.hi.is/HI/Stofn/Myvatn

Umhverfisnefnd Alþingis  
150 Reykjavík

23. mars 2004

**Efni: Frumvarp um verndun Mývatns og Laxár**

Vísað er til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis dagsett 2. mars 2004 þar sem nefndin óskar eftir umsögn Náttúruvísindisstofnunarinnar við Mývatn (RAMÝ) um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár, 564. mál.

Stjórn Náttúruvísindisstofnunarinnar fjallaði ítarlega um nær samhljóða frumvarp fyrir ári síðan og sendi Umhverfisnefnd þá greinargerð sem hér fylgir.

Það nýmæli er í frumvarpinu nú, að sett hefur verið inn bráðabirgðaákvæði III sem heimilar hækkun stíflu í Laxárgljúfri að gefnum ákveðnum forsendum, öðrum en verndun eða ræktun árinna. Nýskipuð stjórn RAMÝ hefur ekki komið saman til að fjalla sérstaklega um bráðabirgðaákvæði III, en ljóst er að Landeigendafélag Laxár og Mývatns er mótfallið ákvæðinu. Ákvæðið er því til þess fallið að vekja upp deilur sem settar voru niður með sáttargjörð Landeigendafélagsins og Ríkisstjórnar Íslands á Stóru Tjörnum árið 1973.

Með vinsemd og virðingu

Árni Bragason, varaformaður stjórnar

**UMSÖGN STJÓRNAR RAMÝ UM FRUMVARP TIL LAGA  
UM VERNDUN MÝVATNS OG LAXÁR**

Með bréfi dagsettu 18. mars 2003 óskaði umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn Náttúruvísindisstofnunarinnar við Mývatn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu sem lagt var fram á nýloknu þingi. Stjórn Náttúruvísindisstofnunarinnar hefur tekið málið á tveimur fundum og hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa.

**I. Varðandi gildistöku (11. grein) og ákvæði til bráðabirgða.**

Verði frumvarpið að lögum mun það minnka til mikilla muna það svæði sem nú er verndað (með núgildandi lögum um vernd Mývatns og Laxár) og mun einskorðast við Mývatn og Laxá og nærliggjandi votlendi. Friðun verður aflétt af víðáttumiklu

svæði, sem hefur að geyma afar merkar jarðsöguminjar er tengjast gosvirkni á einu af örfáum rekbeltum jarðar sem eru ofansjávar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir (6. grein) að samin verði verndaráætlun fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár, sem nær yfir um helming umrædds svæðis og að friðlýsingum (skv. náttúruverndarlögum) á grundvelli hennar verði lokið rúmum þremur árum eftir að lögin tækju gildi (grein II í ákvæðum til bráðabirgða).

Á þessum liðlega þremur árum sem líða frá gildistöku laganna þar til friðlýsingar eru í höfn mun skapast tómarúm í verndun svæðisins. Í frumvarpinu er reynt að setja undir þennan leka með 2. málsgrein í grein II í ákvæðum til bráðabirgða þar sem segir að umhverfisráðherra skuli við gildistöku laganna tilkynna landeigendum, viðkomandi sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum um hvaða landsvæði áformað er að friðlýsa.

Náttúrurannsóknastöðin fær ekki séð að slík tilkynning umhverfisráðherra jafngildi friðlýsingu eða geti komið í veg fyrir spjöll. *Það er því mat stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar, að samræma þurfi gildistökutíma laganna og tímamörk friðlýsingar.* Stjórnin gerir það að tillögu sinni að annað hvort verði gildistöku laganna frestað þar til vinnu við friðlýsingar væri lokið eða að skylt verði að leita leyfis Umhverfisstofnunar áður en veitt væri framkvæmda- eða byggingarleyfi á þessu tímabili.

## **II. Um mörk svæðis og friðlýsingarferli. Eldfjallapjóðgarður.**

1. Stjórnin vill ennfremur leyfa sér að benda á að breytingar á mörkum núverandi verndarsvæðis kunna að snerta verkvið nefndar sem vinnur nú að stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls og skerðir möguleika á tengingu slíks þjóðgarðs við gosbeltið vestan Jökulsár á Fjöllum og við Jökulsárgljúfur.

2. Stjórnin leggur til að verndaráætlun verði gerð fyrir Skútustaðahrepp í heild en ekki bundin við vatnasvið Mývatns og Laxár eingöngu, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Byggja verði verndarstefnu á heildarsýn á jarðfræði svæðisins og binda því ekki gildissvið laganna við vatnasvið Laxár og Mývatns. Með því að láta verndaráætlun ná til alls hreppsins myndi skapast svigrúm til að þróa ELDFJALLAGARÐ á hluta gosbeltisins, svo dæmi sé nefnt, en slík hugmyndaleg umgjörð um hluta hins verndaða svæðis myndi stuðla að auknum áhuga á því.

## **III.**

Stjórnin bendir á að ekki er unnt að ætla íbúum svæðisins að axla kostnað vegna verndunar umfram það sem almennt gerist.

Ofangreind umsögn var samþykkt með 4 samhljóða atkvæðum. Sveitarstjóri, Sigbjörn Gunnarsson sat hjá en lét bóka, að hann teldi að frumvarpið ætti að fara lítt breytt áfram.

Umhverfisnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Húsavík, 11. mars 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög.**

Náttúrustofa Norðausturlands biðst hér með undan því að veita umhverfisnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár. Ástæðan er sú að stofan á í viðræðum við Umhverfisstofnun um að taka að sér gerð verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá. Er það álit Náttúrustofu Norðausturlands að í ljósi þess sé ekki ráðlegt að taka afstöðu til frumvarpsins að svo stöddu.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson, forstöðumaður



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1514*  
*komudagur 24.3.2004*

# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

---

Umhverfisnefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Fax: 5630 425

Reykjavík 23. mars 2004

## Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár

Náttúruverndarsamtök Íslands telja að fella beri út bráðabirgðaákvæði III með frumvarpi um endurskoðun laga um verndun Mývatns og Laxár. Bráðabirgðaákvæði III er andstætt þeirri sáttargjörð sem gerð var á Stóru Tjörnum árið 1973 og staðfest var með lögum um verndun Mývatns og Laxár ári síðar.

Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu er ein fegursta á landsins og ein besta silungsveiðiá heims. Fyrirhugað lón Landsvirkjunar myndi eyðileggja fordyrið að þessum fallega dal og veiðiá. Það er því óábyrgt að opna fyrir hækkun stíflu í Laxá með bráðabirgðaákvæði III án þess að kannaðir hafi verið til hlítar möguleikar til hagræðingar í rekstri Laxárvirkjunar án stífluhækkunar. Slíkir möguleikar eru fyrir hendi og Landsvirkjun ber að leggja fram tillögur um slíkt á grundvelli gildandi laga.

Mývatn og Laxá eru með merkilegustu vatnasvæðum heims og árið 1977 setti Ísland það á skrá Ramsar-sáttmálans um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi.

Frumvarpið í núverandi mynd er í andstöðu við skuldbindingar Íslands gagnvart Ramsarsamningnum um verndun votlendis. Samkvæmt samningnum er Ísland skuldbundið til að gera verndaráætlanir fyrir Ramsarsvæði. Það hefur ekki enn verið gert þrátt fyrir að umhverfisráðherra hafi á árinu 2000 upplýst Alþingi um að það stæði fyrir dyrum. Slíka verndaráætlun ber að gera áður en lög um verndun Mývatns og Laxár eru endurskoðuð og taka gildi.

Á [http://www.ramsar.org/cop4\\_review\\_smart.htm#I](http://www.ramsar.org/cop4_review_smart.htm#I) má lesa eftirfarandi:



„84. As noted in the Regina overview (Regina Proceedings 197-198), it is important with the increasing pace of designation to recall the requirements of Article 2.1: "Each Contracting Party shall designate suitable wetlands for inclusion in a List of wetlands of international importance ..... The boundaries of each wetland shall be precisely described and delimited on a map". Unless the boundaries of designated wetlands are precisely described and mapped, it is impossible to judge whether their ecological character has been affected "as a result of technological developments, pollution or other human interference" (Article 3.2). Contracting Parties have for the most part been scrupulous in providing maps and descriptions of sites. However, in a few cases, detailed in the following paragraphs, difficulties have arisen." [undirstrikun Náttúruverndarsamtök Íslands]

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þrengja mörk Ramsarsvæðisins. Spurningin er hvort um leið sé verið að þrengja Ramsarmörkin. Það verður ekki ráðið af lestri frumvarpsins. Ef verið er að breyta Ramsarmörkum þarf að meta hvort það sé þjóðarnauðsyn og þá jafnframt að tilnefna svæði til mótvægis.

„105. As noted in paragraph 101 above, Contracting Parties may, in their urgent national interest, restrict the boundaries of listed wetlands; if they do so, they should compensate for any loss of wetland resources by creating additional nature reserves.”

### **Verndun friðlýstra svæða?**

Frumvarpið er mjög gallað því verði það samþykkt í núverandi mynd þarf að hefja á nýjan leik vinnu við friðlýsingu á Dimmuborgum, Hverfjalli, Leirhnjúk, Víti og fleiri náttúrugerssemum í Mývatnssveit.

Setja verður inn í frumvarpið bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að umhverfisráðherra skuli þegar hefjast hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir ákvæði 3. gr. laga þessara en er eigi að síður mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða. Mikilvægt er að verndarákvæði gildandi laga um verndun Mývatns og Laxár falli ekki úr gildi fyrr en friðlýsingu þessara landssvæða er lokið í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga. Að öðrum kosti mun skapast millibilsástand þar sem einstæðar náttúruminjar verða án lagaverndar.

Eðlilegt virðist að breyta 11. gr. í þá veru að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 enda hafi þá verið lokið við gerð verndaráætlunar og friðlýsinga í samræmi við verndaráætlun. Jafnframt má þá fella niður öll bráðabirgðaákvæði.

Lög um verndun Laxár og Mývatns frá 1974 eru til marks um fyrirbyggju því að á svæðinu norðan Vatnajökuls eru jarðsöguminjar sem tengjast gosvirkni á einu af örfáum rekbeltum jarðar sem eru ofansjávar.

Mikilvægt er að gerð verði verndaráætlun en sérstaklega er kveðið á um verndaráætlun í Ramsar sáttmálanum. Verndaráætlun fyrir allt núverandi verndarsvæði er einnig mikilvæg vegna hugmynda um Eldfjallapjóðgarð, hugmynda um verndun vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum og vegna fjölda náttúruminja sem njóta nú verndar en myndu falla utan þess verndarsvæðis sem lagt er til.

Af frumvarpi og greinargerð er ekki ljóst hvort allt Ramsar-svæðið er innan fyrirhugaðs verndarsvæðis. Ef eitthvað skortir þar á er eðlilegt að stækka verndarsvæðið sem því nemur. Því ber að leita álits Ramsarskrifstofunnar á þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvarpinu.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

Árni Finnsson.



**ORKUSTOFNUN**  
Auðlindadeild

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/480*  
*komudagur 23.3.2004*

Grensásvegur 9  
108 REYKJAVÍK  
os@os.is

Sími - 569 6000  
Fax - 568 8896  
http://www.os.is

Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. mars 2004  
Tilvísun: 2004030005  
Bréfalykill: 22.2

## **Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu**

Með bréfi dagsettu 2. mars 2004 óskaði umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál. Stofnunin skilaði umsögn um frumvarp um sama efni þann 10. apríl 2003 og vísast til þeirrar umsagnar, auk þess sem hér greinir.

Meginálit Orkustofnunar er að stofnunin gerir ekki athugasemd við að um Mývatn og Laxá og nánasta nágrenni þeirra gildi sérlög en telur að breytt lagaumhverfi frá því að gildandi lög um verndun Mývatns og Laxár voru sett breyti þeim forsendum sem voru fyrir setningu þeirra. Stofnunin telur líklega að unnt sé að ná settum markmiðum um vernd svæðisins á grundvelli gildandi náttúruverndarlaga (nr. 44/1999) og annarra laga, svo sem laga um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) og eftir atvikum lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998).

Meginmarkmið með verndun Mývatns- og Laxár skv. frumvarpinu er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns og Laxásvæði og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga ennfremur að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár svo að það helsta sé nefnt. Orkustofnun telur að mikilvægasta markmið frumvarpsins sé að vernda einstætt lífríki Mývatns og þess sem einkum gefur Laxá sérstöðu meðal straumvatna á Íslandi, sem er urriðastofn Laxár.

Orkustofnun gerir athugasemd við 3. gr. sem fjallar um framkvæmd verndunar skv. 1. mgr. 2. gr. Samkvæmt 3. gr. eru breytingar á hæð stöðuvatna og rennsli straumvatna fortakslaust óheimilar nema til verndunar og ræktunar. Ekki er annað að skilja en að verði greinin samþykkt verði ómögulegt að koma rekstri Laxárvirkjunar í eðlilegt horf, sbr. næsta kafla (um orkuvinnslusvæði). Í núverandi frumvarpi er reynt að koma til móts við þetta sjónarmið og opna á möguleika fyrir því að það sé athugað með opnum huga að bæta rekstrarskilyrði Laxárvirkjunar (Ákvæði til bráðbirgða nr. III).

### **Orkuvinnslusvæði á vatnasviði Mývatns og Laxár**

Innan þess svæðis sem ákvæði lagafrumvarpsins nær til er Laxárvirkjun, Kröfluvirkjun, og Námafjall með Bjarnarflagi þar sem fram fer vinnsla á gufu vegna verksmiðjureksturs, raforkuvinnslu og til hitaveitu sveitarfélagsins.

Landsvirkjun keypti á sínum tíma gufuveitu ríkisins í Bjarnarflagi og með lögum um raforkuver (nr. 60/1981) er iðnaðarráðherra heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW

aflí, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Niðurstöður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 80 MW virkjun í Bjarnarflagi var að framkvæmdin hefði ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.


Samkvæmt lögum nr 38/2002 er iðnaðarráðherra heimilt að veita Landsvirkjun leyfi fyrir stækkun Kröfluvirkjunar í allt að 220 MW. Landsvirkjun hefur undirbúið 40 MW stækkun hennar úr 60 í 100 MW og lokið við mat á umhverfisáhrifum. Landsvirkjun hefur þegar hafið undirbúning að stækkun umfram 100 MW með rannsóknarborunum á svæði vestan núverandi Kröfluvirkjunar sunnan Leirhnjúks.

Ekki verður séð að það breyti miklu fyrir ofangreind áform um nýtingu á háhita, þótt þetta frumvarp verði að lögum.


Gildandi lög um verndun Mývatns og Laxár voru upphaflega sett í kjölfar sáttasamnings í svonefndri Laxárdeilu. Samkvæmt honum var Laxárvirkjun 3 gerð án inntakslóns og hefur rekstur virkjunarinnar verið erfiður frá upphafi. Stafar það annars vegar af því að vélbúnaður hennar er gerður fyrir mun meira fall en núverandi mannvirki, þ.e. inntakslón Laxárvirkjunar 2, leyfir. Auk þess hafa verið miklir erfiðleikar vegna sandburðar, íss og krapa. Þessar aðstæður valda miklu álagi á vélarnar og viðhaldskostnaði sem er mjög íþyngjandi fyrir reksturinn. Að mati Orkustofnunar þarf að taka á því hvort halda megi áfram rekstri virkjunarinnar með viðunandi hætti.

Með bráðbirgðaákvæði (III) þessa frumvarps er reynt að koma til móts við sjónarmið, sem m.a. Orkustofnun hefur sett fram, að óhjákvæmilegt sé að huga að framtíð Laxárvirkjunar. Ákvæðið segir fátt annað en að það megi meta þá hagsmuni sem eru í húfi, einnig rekstrarhagsmuni Laxárvirkjunar, og að Umhverfisstofnun sé heimilt að taka málefnalega afstöðu til þessara hagsmuna.

Virðingarfyllt



Þorkell Helgason  
orkumálastjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1547*  
*komudagur 25.3.2004*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. Evu M. Ævarsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. mars 2004

Sam 110/2004 ÞS/sp  
Tilv.: 051

### **Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður- Þingeyjarsýslu**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. mars var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 2. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál.

Stjórnin mælir með samþykkt frumvarpsins að því tilskyldu að bráðabirgðaákvæði þess verði felld út.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Verndun Laxár og Mývatns

Umhverfisráðherra hefur nú lagt fram *frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu*. Frumvarpið er að mestu samhljóða frumvarpi sama efnis sem lagt var fram veturinn 2002–2003 með einni veigamikilli undantekningu, bráðabirgðaákvæði sem heimilar stíflu

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað eldri laga nr 36/1974 þar sem Skútustaðahreppur allur er verndaður ásamt Laxá og bökkum hennar allt til sjávar. Þau lög voru sett í kjölfar harðvítugrar deilu um virkjun í Laxá og umfangsmiklar vatnsveitur af vatnasvæði Skjálfandaflióts um Mývatnssveit. Sérstök friðlýsing er svo á Öskju, Herðubreiðarlindum og Skútustaðagígum, unnið er að því að gera Vatnajökul að þjóðgarði og sérstök nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins vinnur að undirbúningi þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls. Nýja frumvarpið gerir ráð fyrir því að nú verði aðeins áin og vatnin vernduð, auk tiltekinna votlendissvæða, einkum nálægra vatna og engja. Loks á verndunin skv. nýja frumvarpinu að ná til vatnasviðsins alls, sbr. 2. gr. Auk þess er í bráðabirgðaákvæði tekið fram að friðlýsa eigi valda staða en ekki kemur fram hvaða staðir eru og er það umtalsverður galli.

SUNN fagna sérstaklega ákvæðum frumvarpsins um gerð verndaráætlunar, sbr. 6. gr., og benda á að mikilvægt er að tryggja fjármuni til að markmið laganna náist. Hins vegar efast samtökin stórlega um að þeir fjármunir sem tilgreindir eru í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis hrökkvi til, en þar er aðeins um eina milljón króna að ræða.

SUNN gerðu athugasemdir við frumvarpið í apríl í fyrra:

1. SUNN áréttu að ljúka þyrfti gerð verndaráætlunar og taka þyrfti ákvarðanir um sérstakar friðlýsingar áður en eldri lög eru afnumin. Ástæðulaust virðist að láta lögin taka gildi strax, á meðan unnið er að verndaráætlun.
2. SUNN áréttu að mikilvægt sé að lögfesta ákvæði um landvörslu á svæðinu.
3. SUNN telja að reglugerðir, sbr. 3. og 4. gr., ættu að fara til umsagnar frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfisverndar, sbr. samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka frá 20. mars 2001. Ekki er síður mikilvægt að verndaráætlanir, sbr. 6. gr., og friðlýsingartillögur, sbr. bráðabirgðaákvæði, séu unnar í samráði við frjáls félagasamtök á sviði umhverfisverndar. Þetta þyrfti að lögfesta. Ennfremur telja SUNN koma til greina að frjáls félagasamtök fái fulltrúa í fagråd Náttúru-rannsóknastöðvarinnar, sbr. 8. gr.

Allar þessar athugasemdir eru ræddar rækilegar í umsögn samtakanna frá sl. ári og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Meginröksemdin fyrir bráðabirgðaákvæði sem heimilar nýja stíflu í Laxá er sú að það sé eðlilegt að fram geti farið mat á umhverfisáhrifum. Stífluhæðin í ákvæðinu er ótilgreind og þess vegna gæti Landsvirkjun eða annar aðili látið meta umhverfisáhrif hárrar stíflu, mun hærri en þeirra tíu eða tólf metra stíflu sem stefnt virðist að. SUNN telja óeðlilegt að svæði sem eru á Ramsarskránni séu virkjunar- og athafnasvæði. SUNN myndu ennfremur andmæla kröftuglega mati á umhverfisáhrifum virkjunar í Dettifossi eða námuvinnslu úr Þingvallahrauni. Sum landsvæði á að taka frá til að nýta þau á annan hátt en orku og iðnaðar og að dómi SUNN þarf ekki að leggja í kostnað við að meta hvort á að sökkva Laxárdal að hluta eða í heild. Annars ritar Gísli Sigurðsson íslenskufraeðingur um málið á þann hátt að SUNN óskar að gera grein eftir hann, sem birtist í *Morgunblaðinu* þann 20. febrúar sl., að hluta af umsögn sinni um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Greinin fylgir með.

24. febrúar 2004

f. h. SUNN, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður, Drekaígili 5, 603 Akureyri, s. 462 1694, 869 4217  
Sent Alþingi, umhverfisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Umhverfisstofnun, Skútustaðahreppi,  
Pingeyjarsveit, Aðaldælahreppi, Húsavíkurbýggð, RAMÝ, Landeigendafélagi Laxár og Mývatns o.fl.

## Ráðherra losar fjöttra Fenrisúlfs

Ráðherra umhverfismála hefur lagt fram frumvarp sem rýfur þá eiða sem svarnir voru með þjóðarsátt í lögum frá 1974 um verndun Laxár og Mývatns. Rök ráðherra eru þau að með frumvarpinu verði lögin samræmd eldra samkomulagi landeigenda og Laxárvirkjunar. Munurinn felst í því að lögin banna röskun á svæðinu nema til verndunar og ræktunar en samkomulagið gerði ráð fyrir möguleika á framkvæmdum ef landeigendur féllust á þær. Augljóst er að með lögnum vildi alþingi leysa heimamenn undan hugsanlegum þrýstingi sem fulltrúar virkjunar gætu beitt þá vegna atvinnustarfsemi í héraði eins og nú er komið á daginn.

Önnur rök ráðherra eru þau að ekki megi hafna hugmyndum Landsvirkjunar um hækkun stíflu í Laxá um 12 metra með 2 km löngu uppistöðulóni nema að undangengnu umhverfismati. Lögnum sé ætlað að opna möguleika á slíku mati. Þessi röksemdafærsla flokkast undir “ekki-rök” því að þjóðarsátt ríkir um að vernda svæðið. Það þarf því ekki að leggja í neinn kostnað til að meta áhrif þess að sökkva Laxárdal.

### “Ég er hún mamma ykkar”

Á sama tíma fegrar Landsvirkjun áform sín eins og úlfurinn í ævintýrinu um kiðlingana sjö sem sýndi á sér hvítkritaða loppuna til að láta kiðlingana hleypa sér inn.

Þegar farið var fram með málið í sumar var reynt að smeygja því í gegn með þeim rökum að það uppfyllti skilyrði laganna um verndun og ræktun. Sagt var að ástæðan fyrir minnkandi laxveiði í Aðaldal væri aukinn sandburður í Laxá. Með stíflu væri hægt að stöðva sandburðinn og um leið auka viðkomu laxins. Seinna var staðfest að þessar kenningar studdust ekki við neinar rannsóknir. Nokkrum mánuðum síðar þegir Landsvirkjun um að samanburður á ástandinu núna og 1978 hefur sýnt að engar breytingar hafa orðið á sandburði Laxár sem geti skýrt minnkandi laxveiði. Þar með lak loftið úr þessari blöðru Landsvirkjunar.

Í staðinn hefur Landsvirkjun hafið söng um slit á vélum vegna sandburðar úr Kráká og nauðsyn á hækkun stíflu þannig að sandurinn muni stöðvast í lóninu sem þá myndast. Að öðrum kosti verði starfseminni hætt og virkjuninni lokað með tilheyrandi atvinnuvandræðum í héraði. Má þar með öllum vera ljóst af hverju löggjafinn leysti landeigendur undan þeirri kvöð að semja við Landsvirkjun við slíkar nauðungaraðstæður. Atvinna fólks í heimabyggð hefur verið lögð að veði og Landsvirkjun hótar að fórna henni nema losað verði um fjöturinn sem hún var hneppt í með lögnum frá 1974.

Fyrir liggur að Landsvirkjun hætti vinnu við að hefta upptök sandsins í Kráká þegar í ljós kom að landeigendur ætluðu sér ekki að gefa eftir um hækkun stíflunnar. Vilji Landsvirkjun losna við sandinn væri því gott að halda áfram þeirri vinnu sem þar fór af stað og ganga síðan frá inntaksmannvirkjum þannig að þau séu sem hagkvæmust til raforkuframleiðslu miðað við núverandi aðstæður. Viðurkennt er að frágangur á inntaki var aðeins til bráðabirgða í upphafi en síðan eru liðin rúm 30 ár án þess að nokkuð hafi verið aðhafst til úrbóta.

### Lón yrði varanlegt vandamál

Einnig liggur fyrir að það lón sem nú er í ráði að mynda yrði orðið fullt af sandi eftir 20-30 ár. Sýnt hefur verið fram á að ekki er raunhæft að tæma það með þeim hætti sem Landsvirkjun hefur gefið í skyn að standi til að gera. Staðan er því sú, nú 30 árum eftir að deilunni um Laxárvirkjun lauk, að Landsvirkjun kvartar sáran og talar um framtíðarlausn vegna slits af sandi á síðustu 30 árum. En sú framtíðarlausn er ekki nema til næstu 30 ára og þá verður allt komið í mikið og varanlegt óefni fyrir dalinn, náttúruna og virkjunina með sína 12 metra stíflu og stútfullt lón af sandi sem enginn mun vita hvað á að gera við. Nema þá eigi kannski að halda áfram að hækka og hækka uns framtíðardraumurinn rætist um fullan Laxárdal af vatni og sandi? Væri ekki nær að þrauka frekar önnur 30 ár í viðbót með lágmarks tilkostnaði, endurnýjun véla og varanlegum frágangi á inntakinu?

Hjáróma söngur Landsvirkjunar um að stækkun sé nauðsynleg til að tryggja framtíðaröryggi í orkumálum á svæðinu getur varla talist alvarlegt innlegg í umræðuna á sama tíma og verið er að reisa margfallt stærri virkjun við Kárahnjúka og Húsvíkingar horfa til gufuaflsvirkjunar á Þeistareykjum til að standa undir framtíðaráformum sínum í atvinnuuppbyggingu.

Eina skýringin á því af hverju Landsvirkjun er enn að hugsa um þetta mál sem aðrir landsmenn töldu að myndi liggja óhreyft til ragnaraka er að þar á bæ hefur sú hugmynd komist inn í langtímaáætlanir að stóreflis miðlunarlón í Laxárdal væri hagkvæmasti kostur sem hægt væri að hugsa sér í virkjunarmálum. Það hefur nú verið afhjúpað að Landsvirkjun ætlaði sér aldrei að halda sáttina og hlýta lögnum frá 1974. "Vituð ér enn, eða hvað?" dettur manni helst í hug. Því má tala um einbeittan brotavilja Landsvirkjunar sem einsetti sér að rjúfa um síðir eiða sína og losa sig þannig undan þeim böndum sem góðgjarnir menn komu á hana með lagabókstafinn að vopni og atvinnu heimamanna að veði vitandi fullvel að afl fyrirtækisins er slíkt að venjulegir járnfjötrar dygðu skammt.

Við þessar aðstæður hljótum við að kalla á að ráðherra umhverfismála herði fremur en losi þá fjötra sem Landsvirkjun er nú hneppt í varðandi þá ógurlegu framtíðarsýn hennar að drekkja fallegasta árstæði landsins í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu.

Gísli Sigurðsson,  
vísindamaður á Stofnun Árna Magnússonar



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1175*  
*komudagur 10. 2. 2004*

**SUNN** Samtök um  
náttúruvernd  
á Norðurlandi

Um fleiri stíflur í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu

Stjórn SUNN lýsir yfir vonbrigðum með frumvarp umhverfisráðherra um lagaheimild til að búa til fleiri stíflur í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Telur stjórnin að fleiri virkjanir á vatnasvæði Laxár komi ekki til greina og um það hafi verið samið fyrir þremur áratugum. Jafnframt lítur stjórnin svo á að um griðrof sé að ræða í þessum eignum og skorar á ráðherra að draga tillöguna til baka og á landeigendur að snúast til varnar Laxá og Mývatni.

Stjórn SUNN í febrúar 2004.

(Uppl. gefur Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, formaður, sími 462 1694 eða 869 4217)

Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/1664  
komudagur 5.4.2004



2004030015  
9140

Alþingi  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 2. apríl 2004  
/--

**Efni: Nefndasvið Alþingis**

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis dags. 2. mars 2004 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög.

Skipulagsstofnun sendi umhverfisnefnd umsögn um frumvarp sem umhverfisráðherra lagði fram á Alþingi á 128. löggjafarþingi sem náði ekki fram að ganga en var að mestu samhljóða því sem nú er lagt fram.

Í umsögn Skipulagsstofnunar frá 27. mars 2003 er bent á að í ákvæði um verndaráætlun komi ekki fram hver réttaráhrif verndaráætlunar skuli vera, þ.e. hvort og þá hvaða takmarkanir efni hennar hafi í för með sér varðandi landnotkun á svæðinu við skipulagsgerð og leyfisveitingar. Ábending þessi er ítrekuð.

  
Stefán Thors

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/ 1740**  
**komudagur 28.3.2003**



**2003030046**  
**9140**

Umhverfisnefnd Alþingis  
Einar Farestveit, nefndarritari  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2003  
/--

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár, 637. mál.**

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 18. mars 2003, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu, 637. mál, heildarlög.

Skipulagsstofnun hefur í ákvörðunum stofnunarinnar varðandi framkvæmdir í Skútustaðahreppi skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum lagt áherslu á nauðsyn þess að gerð verði landnýtingar- og verndaráætlun fyrir svæðið allt. Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að gerð verði verndaráætlun fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár. Í ákvæðinu kemur fram að fjallað skuli um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúrminja á svæðinu, landnýtingu og fleira. Þá kemur fram að áætlunin skuli staðfest af umhverfisráðherra og birt sem auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar kemur ekki fram í ákvæðinu hver réttaráhrif verndaráætlunar skuli vera, þ.e. hvort og þá hvaða takmarkanir efni hennar hafi í för með sér varðandi landnotkun á svæðinu, við skipulagsgerð og leyfisveitingar. Skipulagsstofnun telur að skýrt þurfi vera hvaða áhrif efni verndaráætlunar hafi á ákvarðanir um landnotkun. Skipulagsstofnun bendir einnig á að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um hvernig skuli farið með endurskoðun verndaráætlunar eða breytingar á einstökum ákvæðum hennar. Stofnunin telur að rétt væri að í frumvarpinu væri ákvæði um að verndaráætlun skuli endurskoðuð að liðnum ákveðnum tíma frá gildistöku, þar sem forsendur slíkra áætlana geta breyst og hvernig skuli farið með einstakar breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar.

Skipulagsstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við efni frumvarpsins.

Elín Smáradóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1381*  
*komudagur 16.3.2004*



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

Nefndasvið Alþingis  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Mývatnssveit, 11. mars 2004**

**Efni: Umsögn um frv. til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 564. mál, heildarlög.**

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps í dag:

**Almennt:**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar því að enn á ný er lagt fram frumvarp á Alþingi til breytingar á lögum nr. 36/1974. Um langt skeið hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýst því hvernig gildandi lög um verndun Mývatns og Laxár hafa valdið vandkvæðum við stjórnarsýslu í Skútustaðahreppi.

Frv. það sem hér er til meðferðar er að mestu samhljóða frv. sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi 637. mál, en þó er nú skotið inn ákvæði til bráðabirgða III sem valdið hefur miklu fjaðrafoki. Um 637. mál á 128. löggjafarþingi veitti sveitarstjórn Skútustaðahrepps umsögn með bréfi dags. 14. apríl 2003 til nefndasviðs Alþingis. Afrit af því bréfi fylgir umsögn þessari.

**Einstakar greinar:**

**2. gr. frv.**

Sveitarstjórn óttast ónákvæmni á skilgreiningum í lagagreininni. Talað er um 200 m. bakka meðfram vötnum o.sv.frv. Annars staðar er vitnað til fskj. I og II sem eru kort af svæðinu. Það er ljóst að kunnugir heimamenn eru ekki á eitt sáttir um það svæði sem markað er á kortunum. Því er afar mikilvægt að kortin verði nákvæmlega úr garði gerð og landeigendur hafðir með í ráðum.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að tekin verði af tvímæli um lagagildi kortanna.

**Í 3.gr. 1.mgr. segir:**

*Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Breytingar á hæð vatnsborðs.....*

Í frv. því sem lagt var fyrir 128. löggjafarþing hljóðaði greinin svo:

*“Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir búskap á lögbýlum, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar. Breytingar á hæð vatnsborðs.....”*

Í athugasemdum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps fyrir ári síðan var lagt til að í stað orðanna “*búskap á lögbýlum*” kæmi “*atvinnulíf á svæðinu.*”

Sveitarstjórn taldi óeðlilegt að búskap væri gert hærra undir höfði en öðrum atvinnugreinum og jafnframt óljóst á stundum hvað telja megi til búskapar. Því taldi sveitarstjórn rétt að gera þær breytingar að orðin “*búskap á lögbýlum*” falli út og í þeirra stað komi “*atvinnulíf á svæðinu.*”

Málgreinin hefði þá hljóðað á eftirfarandi hátt:

**“Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir atvinnulíf á svæðinu , enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar. Breytingar á hæð vatnsborðs.....”**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps krefst þess að málgreinin hljóði eins og greinir hér að framan, þ.e. að eftirfarandi setning verði tekin inn í frv. **Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir atvinnulíf á svæðinu, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar.**

Með því að framangreind setning verði felld í brott þrengist ákvæðið frá því verið hefur í gildandi lögum. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur ekki litið svo á að til stæði að þrengja lögin, heldur þvert á móti.

### **Í 3.gr. 3. mgr. segir**

*Umhverfissráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.*

Sveitarstjórn leggur til að niðurlag málgreinarinnar “**þar á meðal takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.**” falli niður og hljóði mgr. þá svo:

**“Umhverfissráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár.”**

Sveitarstjórn telur óþarft og óskynsamlegt að kveða á um innihald reglugerðarinnar að hluta í lögnum. Sveitarfélögin á svæðinu munu veita umsögn um reglugerðina og telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps óheppilegt að löggjafinn mæli fyrir um afmörkuð ákvæði reglugerðarinnar.

#### **Í 4.gr 2. mgr. segir:**

“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu.”

Sveitarstjórn telur rétt að fella út orðið “*atvinnufyrirtækja*” og hljóði hún þá á eftirfarandi hátt:

#### **“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna á svæðinu.”**

Skýringar: Greinin er markvissari með þessum hætti að mati sveitarstjórnar þar sem fleiri geta valdið mengun en atvinnufyrirtæki.

#### **Ákvæði til bráðabirgða. III**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að umræður um þetta ákvæði laganna hafi farið í óheppilegan farveg bæði innan þings og utan. Vegna þess samþykkti sveitarstjórn Skútustaðahrepps samhljóða eftirfarandi ályktun á aukafundi sínum 5. mars:

“Um langt árabíl hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps haft uppi óskir um að lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 36/1974 verði breytt. Helstu ástæður óska Skútustaðahrepps hafa verið þær að skipulagsmál og allar framkvæmdir í hinum víðfema hreppi hafa lotið leyfisveitingu Umhverfisstofnunar, áður Náttúruverndar ríkisins. Á ýmsu hefur gengið í þeim samskiptum, þó svo þau hafi farið batnandi. Engu að síður telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps óeðlilegt að íbúar Mývatnssveitar búi við önnur lög en aðrir landsmenn.

Í kjölfar endurtekinnna óska sveitarstjórnar Skútustaðahrepps var skipuð nefnd til að endurskoða lögin. Sú nefnd náði samkomulagi og til varð lagafrumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi og aftur nú á yfirstandandi þingi, en þá að viðbættu bráðabirgðaákvæði sem mjög hefur verið til umræðu í fjölmiðlum að undanfögnu. Í kjölfar samþykktu Landeigendafélags Laxár og Mývatns í gær um bráðabirgðaákvæðið lýsti umhverfisráðherra þeirri skoðun sinni að hún teldi rétt að málið biði í nefnd þingsins. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir verulegum áhyggjum vegna þessa máls og leggur þunga áherslu á að meginefni frumvarpsins verði afgreitt á yfirstandandi þingi og þá án bráðabirgðaákvæðisins nái þeir sem um það deila ekki samkomulagi um málið. Ef þurfa þykir má síðar breyta lögunum þannig að mögulegt verði að framkvæma umhverfismat til að ráða bót á sandburði í Laxá sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur afar mikilvægt fyrir lífríki Laxár og Mývatns og til mikilla hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila málsins.”

Að lokum:

Sveitarstjórn ítrekar óskir um að frv. megi ná fram að ganga á yfirstandandi löggjafarþingi. Umræður í þinginu og í samfélaginu hafa gengið á þann veg að meginefni frv. veldur ekki ágreiningi og með öllu óþarft að tefja þetta brýna hagsmunamál Mývetninga frekar.

**Bestu kveðjur,**



**Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstj.**



## Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

Nefndasvið Alþingis  
Einar Farestveit  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Mývatnssveit, 14. apríl 2003**

**Efni: Umsögn um frv. til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, 637. mál, heildarlög.**

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 10. apríl:

**1. Umsögn um frv. um breytingu á lögum um verndun Mývatns og Laxár.**

**Almennt:**

Sveitarstjórn fagnar því að uppi eru hugmyndir um breytingar á l. nr. 36/1974 um vernd Mývatns og Laxár.

Sveitarstjórn hefur um nokkurt skeið lýst því að lögin sem nú gilda hafi valdið nokkrum vandkvæðum við stjórnsýslu.

Frumvarp það sem hér eru til meðferðar mun hafa verulegar breytingar í för með sér hvað stjórnsýsluna varðar. Frumvarpsdrögin munu að mati sveitarstjórnar í engu breyta um að náttúruvernd verður í hávegum höfð hér eftir sem hingað til.

Ljóst má vera að framkvæmd lagaákvæða þeirra sem sett eru fram í frv. kalla á fjárveitingar. Verndaráætlanir og friðlýsing munu hafa kostnað í för með sér. Athygli ráðuneytisins og þingsins er vakin á þessu þar sem á stundum virðist sem lagasetningarvaldið gleymi við gerð fjárlaga þeim fjárskuldbindingum sem samþykktar hafa verið áður í lögum.

**Einstakar greinar:**

í 3.gr. 1.mgr. segir:

*Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir búskap á lögbýlum, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar.....*

Sveitarstjórn telur óeðlilegt að búskap sé gert hærra undir höfði en öðrum atvinnugreinum og jafnframt óljóst á stundum hvað telja megi til búskapar. Því telur sveitarstjórn rétt að gera þær breytingar að orðin “*búskap á lögbýlum*” falli út og í þeirra stað komi “*atvinnulíf á svæðinu.*”

Málgreinin mundi þá hljóða á eftirfarandi hátt:

*“Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir **atvinnulíf á svæðinu**, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar.....”*

2. mgr. 3. greinar hljóðar svo:

*Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að bæta eigi eftirfarandi setningu við málgreinina: “**Enn fremur skuli heimilar framkvæmdir sem hlotið hafa jákvæða niðurstöðu við gerð umhverfismats.**”

Málgreinin í heild muni þá hljóða svo:

*“Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. **Enn fremur skuli heimilar framkvæmdir sem hlotið hafa jákvæða niðurstöðu við gerð umhverfismats.**”*

Í 3. gr. 3. mgr. segir

*Umhverfissráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár, þar á meðal tak markanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.*

Sveitarstjórn leggur til að niðurlag málgreinarinnar “**þar á meðal tak markanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarrétt almennings.**” falli niður og hljóði þá svo:

*“Umhverfissráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu og Umhverfisstofnunar, reglugerð þar sem kveðið skal nánar á um verndun Mývatns og Laxár.”*



Í niðurlagi 4.gr. segir:

*“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja sem kunna að valda mengun á vatnasviðinu.”*

Sveitarstjórn telur rétt að fella út eftirfarandi hluta setningarinnar **“atvinnufyrirtækja sem kunna að valda mengun.”** og hljóði hún þá á eftirfarandi hátt:


*“Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna á vatnasviðinu.”*

Skýringar: Greinin er markvissari með þessum hætti að mati sveitarstjórnar.

Hvað varðar fylgiskjöl 1 og 2 telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps að nokkurrar ónákvæmni kunni að gæta við gerð þeirra. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að nákvæm kort fylgi verði frv. að lögum og kortin verði gerð í samráði við heimamenn.

Framangreint samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda Nefndasviði Alþingis umsögnina.

Bestu kveðjur,



Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstj.

Stangveiðifélagið Flúðir,  
Húsavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1208*  
*komudagur 2.3.2004*

### **Stækkun stíflu Laxárvirkjunar mótmælt.**

Stjórn Stangveiðifélagsins Flúða Húsavík lýsir yfir andstöðu við bráðabirgðaákvæði í fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um verndun Mývatns og Laxár, sem opnar fyrir möguleika á stækkun stíflu Laxárvirkjunar.

Með slíkri stækkun er verið að sökkva undir vatn **einu af fegurstu svæðum Laxár** í þeim tilgangi að verja virkjunarvélarnar gegn sandi, klakaburði og grjóti.

Því hefur verið haldið fram að skilyrði fyrir laxinn neðan við virkjun myndu batna með minnkandi sandburði í ánni.

Þessi fullyrðing styðst ekki við neinar rannsóknir og er hrein ágiskun. Sandurinn hefur verið hluti af lífríki Laxár í gegnum aldirnar og minnkandi sandur í ánni gæti alveg eins valdið neikvæðum áhrifum á lífríki hennar. Þetta er órannsakað.

**Okkur finnst það skjóta skökku við, að samtímis uppbyggingu á ferðamannaíðnaði í Þingeyjarsýslum með náttúruskoðun á svæðinu sem aðalverkefni er fyrirhugað að gera náttúruspjöll á þessari náttúruperlu okkar fyrir fáein kílóvött.**

F.h. stjórnar:

Bárður Guðmundsson,  
Birgir Steingrímsson,  
Þórður Pétursson,  
Pétur Pétursson,  
Ásgeir Böðvarsson.

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1176**  
**komudagur 10.2.2004**

Vegna fyrirhugaðs frumvarps Umhverfisstofnunar um breytingu á lögum um vernd Laxár og Mývatns í s-Pingeyjarsýslu vill stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns koma á framfæri við Umhverfisstofnunar meðfylgjandi ályktun .

F.h stjórnar Kári Þorgrímsson Garði Mývatnssveit ritari LLM.

ÁLYKTUN

Samkvæmt lögum nr.36/1974 er breyting á rennsli Laxár vegna raforkuframleiðslu óheimil. Með setningu laganna fullnægði Alþingi ákvæðum samnings Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands frá 1973 (Laxárdeilusamningarnir) varðandi þetta atriði, en með samningunum var Laxárvirkjun heimilð notkun vatns í Laxá til starfsemi sinnar, af hálfu landeigenda. Samkvæmt gildandi samþykktum Landeigendafélagsins er félaginu ekki unnt að heimila hækkun á yfirborði Laxár . Af þeirri ástæðu var tillögu þess efnis vísað frá afgreiðslu á fundi í félaginu fyrir fáum árum. Aukinn meirhluta þarf til að breyta samþykktum félagsins. Stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns hafa verið kynnt þau áform umhverfisstofnunar að flytja á Alþingi tillögu um ákvæði til bráðabirgða er geri Umhverfisstofnun kleift að undangengnu umhverfismati og að fengnu samþykki Landeigendafélagsins að heimila hækkun stíflu Laxárvirkjunar í Laxárgljúfri, þrátt fyrir fyrrgreint bann laganna frá 1974. Stjórninni eru ljós þau vandkvæði sem talin eru á starfrækslu Laxárvirkjunar vegna framburðar aurs og íss . Stjórnin telur unnt að ráða þar bót á án hækkunar á yfirborði árinna. Stjórnin telur því ekki vera tilefni til að víkja með neinum hætti frá ákvæðum 2. málsl. 1.mgr . laga nr. 36/1974 í því skyni að heimila hækkun stíflunar í Laxá og telur að með því væri vegið að forsendum þess samkomulags um starfrækslu Laxárvirkjunar sem gert var 1973.

## ***Landeigendafélag Laxár og Mývatns.***

### **Laxá og Laxárvirkjanir. Samantekt vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um verndun Laxár og Mývatns 6.2. 2004.**

Í apríl 1964 gaf raforkumálastjóri út allmikið rit er nefndist „Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Áætlanir um heildarvirkjun Laxár við Brúa“. Þar er að finna áætlanir, gerðar af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um ferns konar tilhögun við virkjun fallsins hjá Brúum (við mynni Laxárdals og niður í Aðaldal) og áætlanir um að veita Suðurá og Svartá til Laxár en þær falla nú í Skjálfandafljót skammt norðan við Aldeyjarfoss, fremst í Bárðardal. Einnig er í viðauka fjallað um endurskoðun á áætlun um virkjun Laxár, tvenns konar tilhögun um virkjun Krákár, sem rennur nú um Mývatnssveit sunnan úr Ódáðahrauni, og rennslisjöfnunarmannvirki við Birningsstaðafloa í Laxárdal. Allar þessar áætlanir Laxárvirkjunar byggðu á sömu meginforsendum. Þær voru:

Stór stífla í Laxárgljúfrum, sem gæfi 31 Gí miðlun 32,5 m með vatnsborðshækkun og um 10 km löngu lóni. Um það leyti er hin svonefnda Laxárdeila hófst voru komnar á kreik hugmyndir um enn hærri stíflu og um 13 km langt miðlunarlón. Allar byggðar jarðir í Laxárdal hefðu þar með orðið óbyggilegar.

Veita Suðurár og Svartár til Laxár, rennsli um 16,5 m<sup>3</sup> sek.

Mývatn yrði fullnýtt sem miðlunarlón. Með 0,5m vatnsborðshækkun var talin nást þar 14 Gí miðlun.

Auk þessa voru taldir fram möguleikar til að ná auknu vatni inn á vatnasvæði Laxár með því að:

Veita hluta Skjálfandafljóts til Laxár. Í framhaldi af þeirri hugmynd kom síðan fram áætlun um miðlunarlón, stærra en Mývatn að flatarmáli, í afrétti sunnan byggðar í Mývatnssveit.

Veita hluta Jökulsár til Mývatns.

Veita Reykjakvísl (hún rennur nú sem Mýrarkvísl í Laxá að austan, nærri Laxamýri) um jarðgöng til miðlunarlóns í Laxárdal.

Uppsett afl virkjananna var fyrirhugað 84,7-90 MW eftir því hvaða tilhögun yrði valin.

Í héraði þóttu þessar áætlanir fela í sér miklu meiri spjöll á landi og vötnum en við yrði unað. Því hófust viðræður milli heimamanna og virkjunaraðila, þ.e.

Laxárvirkjunar, þar sem heimamenn fóru fram á að virkjunaráformum yrði breytt þannig að land- og vatnaspjöll minnkuðu verulega. Þessar viðræður reyndust gagnslausar.

Sá hængur var á áðurnefndum áætlunum að markað skorti fyrir orku frá svo stórum virkjunum og því varð að ráði, þrátt fyrir eindregin mótmæli heimamanna, að hefja framkvæmdir samkvæmt tilhögun 1 með þeirri breytingu, sem lýst er í viðauka áðurnefnds rits. Þar er að finna áætlun um virkjun, sem nefnd er Laxá III og ætlað var

að framleiða orku samhliða Laxá I en falla síðar inn í áætlun um svonefnda Gljúfurversvirkjun, sem var hluti af tilhögun 1. Leyfi fyrir 6,5 MW rennslisvirkjun var gefið út 23. sept. 1969 og í skjóli þess tók Laxárvirkjun að vinna að því verkefni sem í ritinu er nefnt „Heildarvirkjun Laxár við Brúa“. Þar með hófst hin svonefnda Laxárdeila sem lauk ekki fyrir en vorið 1973 með þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ekki yrði um frekari virkjunarframkvæmdir í Laxá að ræða. Laxársamningurinn milli landeigenda, fulltrúa Laxárvirkjunar og ríkisstjórnarinnar frá 19. maí 1973 fylgdi í kjölfarið og Alþingi staðfesti síðan þessa ákvörðun með samþykkt laganna um verndun Laxár og Mývatns 2. maí 1974. Þessi samningur og lög eru enn í fullu gildi og kveða skýrt á um að ekki muni verða af frekari virkjunarframkvæmdum á þessu svæði.

Að Laxársamningnum gerðum má lýsa stöðu Laxárvirkjunar þannig með fáum orðum:

Ný virkjun ófullgerð en orkuskortur farinn að gera vart við sig á veitusvæðinu.

Bágborinn fjárhagur þar sem byggingarkostnaður hafði farið úr böndunum og framkvæmdir ekki gengið sem skyldi auk þess að virkjunin var alls ekki hagkvæm nema þá sem áfangi í stærri virkjun.

Virkjuninni varð því að koma í gang með lágmarks tilkostnaði og var það gert.

Þótt undarlegt megi virðast hefur enn í dag, þrjátíu árum síðar, í engu verið bætt um þann bráðabirgðafragang við inntak virkjunarinnar, sem lagt var upp með haustið 1973.

-----

Hér hefur verið rakin í sem fæstum orðum forsaga þeirrar virkjunar, sem nefnd er Laxá III. Sú virkjun er að vísu nokkuð breytt frá upphaflegri gerð þar sem vatnsvél hennar hefur verið endurbyggð og nýtir nú mestallt eða allt vatn Laxár mestan hluta ársins. Afl hennar jókst við það úr 6,5 í 9-10 MW. Vegna þessa stendur Laxá I jafnan ónotuð og er lítið annað en forngripur. Eigi síðan að fjalla um rekstrarskilyrði Laxárvirkjana verður að hafa þrennt sérstaklega í huga:

Laxárvirkjanir eru hreinar rennslisvirkjanir.

Mývatn er stöðuvatn en ekki uppistöðulón.

Laxá er á en ekki manngerður aðveituskurður. Hún rennur um 30 km leið frá Mývatni að Laxárvirkjun.

Við þessi skilyrði er fyllilega eðlilegt að einhverra rekstrartruflana vegna íss og krapa gæti við virkjunina. Hún er og hefur verið rekin sem grunnstöð og er þar af leiðandi mjög viðkvæm fyrir jafnvel litlum truflunum. Kröfur til hennar um rekstraröryggi hafa aftur á móti verið miklar og veldur þar mestu um ófullnægjandi varaafli á því stóra orkuveitusvæði, sem byggt var upp út frá virkjuninni fyrir á árum og nú á síðari árum allt of veik tenging þess svæðis við aðaldreifikerfi Landsvirkjunar. Virkjunina verður því að reka með mestu mögulegum afköstum einmitt þegar veður taka að versna og rennsli að minnka. Allt sem að berst, snjókráp, íshröngl og grunnstingull, sem e.t.v. flytur með sér mikinn sand, verður að fara beina leið gegn um vatnsvél

Laxár III. Engu er hægt að fleyta hjá. Samt sem áður má rekstraröryggi virkjunarinnar líklega teljast furðu mikið af rennslisvirkjun að vera og má m.a. þakka það traustum ísalögum mikinn hluta vetrar neðarlega í Laxárdal en þau mynda eina traustustu rekstrarforsendu virkjunarinnar með því að ofan þeirra setjast að milljónir rúmmetra af íshröngli og snjókrapi þegar veturinn er í sínum versta ham. Nærri má geta hvernig rekstur virkjananna gengi ef allt þetta magn bærisk að stíflum hennar en rennsli minnkar að sjálfsögðu um tíma. Einnig getur rennsli minnkað um tíma vegna þess að Kráká fer úr farvegi sínum í vetrarveðrum.

Frá Kráká kemur mestallur sá sandur er Laxá ber fram. Hann hefur verið talinn mikill skaðvaldur í vatnsvélum virkjunarinnar og þá hvað mest í vatnsvél Laxár III. Einnig hefur verið látið í veðri vaka að minnkandi laxgengd í Laxá neðan virkjunar stafi af vaxandi sandi í ánni. Nú hefur verið unnið úr rannsóknargögnum er safnað var árið 1978 um sand í Laxá neðan virkjunar. Samanburðarrannsókn fór fram á síðasta ári en varð þó umfangsminni en fyrirhugað var vegna takmarkaðs vilja Landsvirkjunar til að veita fé í hana. Bráðabirgðaniðurstöður benda ekki til aukningar á þessu tímabili og verður því að vísa þeirri kenningu á bug.

Eins og áður segir var virkjunin gangsett með bráðabirgðafrágangi við inntak, sem ekki hefur verið bættur. Aðstaða til þess að losna við allt það sem straumvatn ber jafnan fram eftir farvegi sínum, þ.e. allt frá finum sandi upp í allstóra steina, er allsendis ófullnægjandi. Þar við bætist að mjög sjaldan er hreinsað upp úr þeim litlu fellirásum og gryfjum, sem gerðar voru (skv. upplýsingum er fram komu á kynningarfundum Landsvirkjunar með heimamönnum haustið 2002) svo þær eru löngum óvirkar. Ennfremur var straumi árinna ofan stíflu breytt með grjótgardi og öllum þunga hans beint að inntaki virkjunarinnar. Í því sambandi er fróðlegt að rifja upp reiknireglu er segir að flutningsgeta vatns aukist í sjötta veldi við aukningu straumhraðans. Þar með má heita öruggt að allt er áin ber með sér lendir beint í vatnsvélina í Laxá III. Það er því alls ekki eingöngu sandur er slítur vélinni; grjót á þar stóran hlut að máli og undrar engan þótt hún verði nokkuð viðhaldsfræk og kostnaður af því hár enda ekki um þetta atriði deilt. En þrátt fyrir háan viðhaldskostnað hefur rekstur Laxárvirkjunar jafnan verið hagkvæmur. Tölur þar um hafa þó ekki fengist uppgefnar.

Til lausnar þeirra rekstrarvandamála sem hér hefur verið dregið á virðast stjórnendur Landsvirkjunar hvorki fyrir né síðar hafa eygt neinn annan möguleika en hækkan stíflu við Laxárvirkjun um a.m.k. 10 metra. Svo virðist að þeir hafi litið á þá ákvörðun ríkisstjórnar og Alþingis, sem birtist í Laxársamningnum og lögunum um verndun Laxár og Mývatns sem skammtíamvandamál er hlyti að leysast fljótlega og þess vegna ekkert aðhafst til úrbóta. Þessari afstöðu verður hvað best lýst með því að vitna hér í fjölrít Orkustofnunar frá febrúar 1979 eftir Jakob Björnsson þáverandi orkumálastjóra og Hauk Tómasson jarðfræðing, umsögn um tvö fjölrít Náttúruverndarráðs „Fossar á Íslandi“ og „Vatnavernd“:

**„Mývatn og Laxá. Fullvirkjun Laxár við Brúar er meðal hinna allra hagkvæmstu vatnaflsvirkjana sem unnt er að finna á öllu landinu. Orkustofnun er þeirrar skoðunar að samkomulag muni síðar meir nást um frekari virkjun við Brúar, þegar öldur Laxárdeilu eru hjaðnaðar, líklega með nokkurri annari tilhögun en áður var ráðgert. Virkjanir ofar í Laxá eru ekki nærri eins**

**hagkvæmar, og standa mörgum öðrum að baki í því efni. Þær eru af þeim sökum ekki líklegar til að verða á dagskrá fyrri en einhvern tíma eftir aldamót.“**

Í ljósi þessarar umsagnar, sem sennilega endurspeglar réttilega afstöðu Laxárvirkjunar og síðar Landsvirkjunar, fer þrjátíu ára aðgerðarleysi að verða skiljanlegt. Markmið Landsvirkjunar er og hefur verið:

**Að breyta Laxárvirkjun úr rennslisvirkjun í miðlunárvirkjun. Og einmitt nú er sá tími er síðasta setning tilvitnunarinnar nefnir.**

Heimamenn hafa hvað eftir annað freistað þess í viðræðum sínum við Landsvirkjun að fá fram umræðu er beinist að öðrum hugsanlegum aðgerðum til að bæta rekstur Laxárvirkjunar en þeirri stífluhækkun er Landsvirkjun hefur viljað fá framgengt. Þessi viðleitni hefur engan árangur borið. Til dæmis virðast engin tæknileg vandkvæði á því að fjarlægja sand úr Kráká áður en hún rennur í Laxá. Einnig má benda á að í upphaflegri hönnun Gljúfurversvirkjunar var gert ráð fyrir nýrri stíflu sem gæfi sömu vatnsborðshæð og núverandi stífla fyrir Laxá I og III en um það bil 100 m neðar í Laxárgljúfri. Dýpi við þá stíflu yrði 7-10 m meira en við núverandi stíflu og veitti möguleika til að forðast botnskrið og fleyta íshröngli framhjá virkjuninni. Á framangreindan hátt væri hægt að sameina áframhaldandi raforkuvinnslu og óskemmt eðli árinna.

Um nokkurra ára bil kostuðu Landsvirkjun, Landgræðslan, veiðifélög við Laxá og sveitarfélög á svæðinu allumfangsmikla uppgræðslu við upptök Krákár í því skyni að hefta sandfok til árinna og varð árangur góður. Landsvirkjun dró sig hins vegar út úr þessu samstarfi eftir að heimamenn höfnuðu samningsdrögum er fólu í sér að minnsta kosti 10 metra stífluhækkun og neituðu þar með að leita eftir breytingum á lögunum um verndun Mývatns og Laxár, sem gengju í svipaða átt og það ákvæði til bráðabirgða er Umhverfissráðuneytið hyggst nú fara fram með. Má af þessu draga þá ályktun að af hálfu Landsvirkjunar hafi lítill áhugi verið fyrir uppgræðslunni nema þá til að afla sér fylgis heimamanna við þrálátar stífluhugmyndir sínar.

Ekki er líklegt annað en heimamenn geti reynst fúsir til viðræðna og samstarfs um aðgerðir til að bæta rekstur Laxárvirkjunar, svo framarlega að þær rúmist innan ramma Laxársamningsins frá 1973 og laganna um verndun Laxár og Mývatns, að nefndum lögum óbreyttum hvað varðar verndun Laxár. Tími er til kominn að taka til höndunum innan þess ramma og sættast við tilveru hans í stað þess að freista þess í sífellu að brjóta hann.

Rekstur hreinna rennslisvirkjana á borð við núverandi Laxárvirkjanir er vissulega ekki annmarkalaus en jafnframt hafa þær þann ómetanlega kost að safna engum framtíðarvandamálum í formi aur- og sandfylltra miðlunarlóna, sem aftur leiða af sér aflvana orkuver.

-----  
Að lokum er ekki úr vegi að skoða þá kosti, sem Landsvirkjun á um rekstur Laxárvirkjunar þrjátíu árum eftir að 12 m vatnsborðshækkun með þar til gerðri stíflu er tekin í notkun. Tekið er mið af upplýsingum úr riti Landsvirkjunar „Laxárvirkjun. Mat á nauðsynlegri hækkun vatnsborðs---“, sem gefið var út í janúar 2002, einkum


liðum 2.4, 4.6 og 5. Gert er ráð fyrir að tölur Landsvirkjunar um sandburð standist en þá verður lónrými orðið of lítið að þessum tíma liðnum.

1. kostur. Hætta rekstri a.m.k. Laxár III. Laxá rynni áfram á yfirfalli, þannig að sandurinn yrði kyrr þar sem hann hefði sest að. Laxá II yrði sennilega hægt að nota áfram. Þegar lónið fylltist kæmist sandburður frá Kráká niður eftir Aðaldal í sama horf og fyrir stíflu að viðbættum sandi er grunnstingull tæki með sér úr lónstæðinu.
2. kostur. Hætta rekstri Laxárvirkjana fyrir fullt og allt, þær yrðu hvort eð er útslitnar ef ekki hefur beinlínis verið stefnt að lengri nýtingartíma með markvissu viðhaldi mannvirkja og endurnýjun búnaðar. Rennsli Laxár væri hægt að haga hvort sem er á þann hátt er lýst er í kosti 1 eða með því að láta renna um botnlökur og þar með flytja til sjávar þann sand er sæti í núverandi farvegi um lónsstæðið, yfir honum og nógu nærri honum til að skriða, renna með aðstoð vatns, eða fjúka í ána þegar hún hefði grafið sig niður á fast að nýju.
3. kostur. Moka úr lónstæðinu eins og gert er ráð fyrir í áðurnefndu riti Landsvirkjunar, sjá lið 2.4. Fram komu á kynningarfundi um þetta rit munnlegar upplýsingar þess efnis að sá kostur þætti álitlegastur þeirra, sem til greina koma þrátt fyrir að efnismagnið sé áætlað um 50.000 bílfarmar. Þetta væri ekki framkvæmanlegt án þess að það sama gerðist og lýst er í kosti 2; að áin græfi sjálf úr lónstæðinu allt er sest hefur að í núverandi farvegi því áin yrði að renna um lónstæðið meðan það er tæmt; það er ekki hægt að skrúfa fyrir hana á meðan mokað er. Enginn annar kostur er í hendi til förgunar þess efnis, sem þá verður eftir en að flytja það út í svonefnda Saltvík skammt norðan við Laxamýri, um 25 km vegalengd og má þá nærri geta um tilkostnaðinn. Í þessari vík safnar sjórinn saman sandi frá Laxá og Skjálfafljóti og mætti hún vel heita Sandvík þess vegna. Við að skoða þennan kost kemur í ljós að hann er sennilega eintóm blekking.
4. kostur. Halda lóninu við með því að láta Laxá grafa út úr því sandinn og flytja hann til sjávar. Þessi kostur væri auðveldastur í framkvæmd en hlyti að leiða af sér feiknaháar skaðabótakröfur á hendur Landsvirkjun vegna augljóss tjóns á lífríki Laxár neðan virkjunar.
5. kostur. Knýja á um nokkurra metra hækkun stíflu í viðbót. Enn meiri hækkun veitti möguleika til að safna í e.t.v. 20-30 ár í viðbót og svo koll af kolli og auka þannig enn ógreiðanlega skuld við umhverfið og eftirkomendurna. Ekki er ólíklegt að þessi kostur yrði talinn hagkvæmastur. Reynslan sýnir að hagkvæmni vegur jafnan þyngra en umhverfið við val virkjunarkosta.

-----  
-----



Alþingi  
Erindi nr. P 130/1529  
komudagur 24.03.2004



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurland þrátt 24  
B - 108 Reykjavík, Ísland

tel. +354 591 2000

fax. +354 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

23. mars 2004

Tilvísun: UST20040300042/tb

### Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður - Þingeyjarsýslu, 564. mál.

Vísað er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár, 564. mál, heildarlög.

#### Forsaga

Með hliðsjón af breytingum sem hafa orðið á stjórnarsýslu náttúruverndarmála m.a. með nýjum lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum var ákveðið að endurskoða lög um verndun Mývatns og Laxár. Skipuð var nefnd á vegum umhverfisráðherra sem gerði tillögu að frumvarpi til laga verndun um Mývatns og Laxár og var frumvarpið lagt fram á 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Umhverfisstofnun gaf þá umsögn um frumvarpið og byggir núverandi umsögn að miklu leyti á henni.

Frumvarpið er nú lagt fram að nýju með lítilsháttar breytingum en helsta breytingin felst í ákvæði til bráðabirgða III þar sem Umhverfisstofnun er heimilað að veita leyfi fyrir hækkun á núverandi stíflu við Laxárvirkjun náist um það samkomulag milli Landsvirkjunar og Landeigandafélags Laxár og Mývatns, að því gefnu að mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram.

Eins og fyrr greinir skilaði nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins drögum að nýju frumvarpi sem hér er til umsagnar í breyttri mynd. Samkomulag náðist að mestu um framangreint frumvarp en þáverandi forstjóri Náttúruverndar ríkisins, Árni Bragason, og formaður Náttúruverndar ríkisins við Mývatn, Gísli Már Gíslason, sem sætu áttu í nefndinni, létu bóka að þeir kysu að bætt yrði við texta í 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða II sem fjallar um heimildir til framkvæmda meðan á friðlýsingarferli stendur á svæðum sem umhverfisráðherra hefur tilkynnt að friðlýsa skuli samkvæmt fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði. Texti bókunarinnar var eftirfarandi: "Skylt er að leita leyfis Náttúruverndar ríkisins áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi á landsvæðum sem tilkynnt hefur verið um að áformað sé að friðlýsa samkvæmt ofangreindu." Í greinargerð með núverandi frumvarpi þar sem fjallað er um ákvæði til bráðabirgða II kemur skýrt fram vilji flutningsmanna en þar segir: "Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í framkvæmdir á þeim svæðum og því er nauðsynlegt að sveitarstjórn hafi fullt samráð við umhverfisráðuneytið áður en veitt er

framkvæmdar- eða byggingarleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum sem fyrirhugað er að friðlýsa. " Þar sem fyrrgreind bókun gerir lagatextann skýrari leggur Umhverfisstofnun til að henni verð bætt inn í lagatextann. Hér skal upplýst að Umhverfisstofnun hefur í hyggju að hefja vinnu við verndaráætlun í Skútustaðahreppi á þessu ári.

### **Breytingar er varða vernd á lífríki**

Með framangreindu frumvarpi er lífríki Mývatns og Laxár tryggt á sama hátt og jafnvel betur en verið hefur s.s. með því að sett er í lögín ákvæði um gerð verndaráætlunar fyrir vatnasvið Mývatns og Laxár sbr. 6. gr. frumvarpsins. Um ákvæði til bráðabirgða III er fjallað um hér að neðan.

### **Breytingar er varða vernd jarðmyndana og landslags, bráðabirgðaákvæði II.**

Almennt er viðurkennt að jarðmyndanir og landslag í Mývatnssveit eigi fáa sinn líka. Með framangreindu frumvarpi er friðlýsingu aflétt af Skútustaðahreppi sem heild að undanskildu votlendissvæði og verndun vatnasviðs. Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsingarferli getur tekið mörg ár og er því tímafrekt og flókið ferli, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, og getur vegna mismunandi hagsmuna ekki náð fram að ganga. Sérstaklega á þetta við þegar landeigendur eru margir svo sem bæði einkaaðilar, sveitafélög og ríki. Umhverfisstofnun telur því brýnt að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda á þeim svæðum sem tilkynnt verður um að til standi að friðlýsa sbr. bráðabirgðaákvæði II. Best væri að ákveða strax friðlýsingu einstakra svæða og ætti það ekki að vera íþyngjandi á nokkurn hátt frá því sem nú er en nógildandi lög um verndun Mývatns og Laxár ná til alls Skútustaðahrepps.

Breytingar þær sem koma fram í frumvarpinu hafa þau áhrif að dregið er úr vernd jarðmyndana í Skútustaðahreppi sem bundin er í lögum og telur Umhverfisstofnun að slíkt sé afturför. Á undanförunum árum hefur verið reynt að draga fram verndun jarðmyndana. Jarðmyndanir hafa til að mynda ekki sömu alþjóðlegu vernd og lífríki. Stofnunin bendir á að í tengslum við gerð Náttúruverndaráætlunar var unnið að skilgreiningu á jarðmyndunum og verndargildi þeirra á Íslandi og á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hefur sérstaklega verið fjallað um verndun fjölbreytni jarðmyndana. Sömuleiðis er hafin vinna á þessu sviði á vegum Evrópusambandsins. Ljóst er að nokkrar einstakar jarðmyndanir falla utan þess svæðis sem njóta mun verndar skv. frumvarpinu og má þar sérstaklega nefna Dimmuborgir, Hverfjall og Leirhnjúk en auk þessa mun sá hluti Jökulsár á Fjöllum sem er innan Skútustaðahrepps ekki lengur njóta verndar.

Umhverfisstofnun vill í ljósi ofanritaðs nefna hér nokkrar jarðmyndanir sem ætti að telja upp í bráðabirgðaákvæði II í framangreindu frumvarpi og beri að friðlýsa: Leirhnjúkur og Víti (hluti af Mið-Atlantshafshryggnum), Dimmuborgir, Hverfjall, Lúdentaborgir, gervigígar aðrir en Skútustaðagígar sem eru friðlýstir sem náttúruvætti. Einnig þarf að afmarka vel þau eldhraun sem ástæða er til að vernda sem heildir. Einnig má nefna að nokkur svæði í syðri hluta Skútustaðahrepps hafa hátt náttúruverndargildi. Sum þeirra eru nú þegar friðlýst svo sem Herðubreiðarlindir og Askja. Oft hefur verið minnst á þjóðgarð eða eldfjallapjóðgarð norðan Vatnajökuls, en þar er einnig mikil útivist og stór víðerni. Verndargildi svæðanna getur því falist í mörgu svo sem jarðfræði, landslagi, útivist, víðerni, lífríki eða öllu þessu. Nægir hér að nefna Kverkfjöll, Trölladyngju, Dyngjufjöll, Kollóttudyngju, Jökulsá á Fjöllum frá jökli að strönd, Ódáðahraun ásamt fyrrtöldum eldfjöllum og svæðum þar í kring o.s.frv. Skoða þarf hvert svæði m.t.t. til þeirra markmiða sem stefnt er að með friðlýsingu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki er til aðalskipulag nema fyrir hluta Skútustaðahrepps en lagabreytingin byggir m.a. einmitt á að fyrir hendi sé samþykkt aðalskipulag fyrir allan hreppinn og náttúruverndaráætlun. Aðalskipulagi var frestað á hluta þess svæðis sem nú er innan samþykks aðalskipulags og fyrir stóran hluta hreppsins er ekki til skipulag. Á mörgum af þeim svæðum sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu og eru í verndarflokki I og II á náttúruverndarkorti fyrir Mývatnssveit, hefur ekki verið tekin ákvörðun um verndarsvæði annars vegar og mannvirkjasvæði hins vegar í núverandi skipulagi. En lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 36/1974 eru í dag trygging fyrir aðkomu náttúruverndaryfirvalda að svæðum utan aðalskipulags. Það er því nauðsynlegt í nýjum lögum að tryggja aðkomu umhverfis- og náttúruverndaryfirvalda að ákvarðanatöku á svæðum sem falla utan skipulags. Vinna við heildstæða verndaráætlun fyrir allan Skútustaðahrepp skv. 6. gr. frumvarspsins verður auðveldari ef fyrir hendi er ákvörðun um hvaða svæði njóti meiri verndar en önnur.

### Ákvæði til bráðabirgða III


Í 3. gr. nágildandi laga um verndun Mývatns og Laxár kemur skýrt fram að Umhverfisstofnun má aðeins leyfa breytingar á rennsli straumvatna og hækkun vatnsborðs ef það er til verndunar eða ræktunar. Markmið nágildandi laga og þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar er fyrst og fremst að vernda lífríki Mývatns og Laxár. Vegna ákvæðis til bráðabirgða III vekur Umhverfisstofnun athygli á því að málið á sér langa forsögu og deilur voru settar niður um Laxárvirkjun með sáttargjörð milli landeigenda og ríkisstjórnar Íslands á Stóru Tjörnum 1973. Lögin um verndun Mývatns og Laxá byggja mikið til á þeirri sáttargerð. Umhverfisstofnun gerir sér grein fyrir því að viðhorf kunna að breytast í tímans rás varðandi afstöðu manna til einstakra friðlýsinga. Stofnunin hefur hins vegar þá almennu afstöðu að breytingar á friðlýsingu ætti að gera í sátt við þá aðila er stóðu að þeim í upphafi, enda byggja opinberar friðlýsingar jafnan á sátt sem hefur náðst milli hlutaðeigandi aðila um friðlýsingu.


### Niðurstaða

Af framangreindum ástæðum og þess sem rakið hefur verið varðandi friðlýsingarferli, stöðu aðalskipulags, verndaráætlun og mikilvægi landslags og jarðmyndana í Mývatnssveit leggur Umhverfisstofnun eindregið til að annað hvort verði strax ákveðið að friðlýsa ákveðin svæði og þau talin sérstaklega upp í lögunum eða að bætt verði við nýjum málslið aftan við 1. málslið í 2. mgr. ákvæði til bráðabirgða II sem orðast svo: *Skylt er að leita leyfis Umhverfisstofnunar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi á landsvæðum sem tilkynnt hefur verið um að áformað sé að friðlýsa.*

Hvað varðar bráðabirgðaákvæði III hefur Umhverfisstofnun þá almennu afstöðu að breytingar á friðlýsingu ætti að gera í sátt við þá aðila er stóðu að henni í upphafi.

Virðingarfyllst,

  
Trausti Baldursson

  
Davíð Egilsson

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 30/1257**  
**komudagur 8.3 2004**

**Veiðifélag Laxár og Krákár**  
**Auðnum, Laxárdal.**  
**641 Húsavík.**

Auðnum, 6/3 2004.

**Til Umhverfisnefndar Alþingis.**

**Vegna frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár.**

Stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár hafnar nýtilkomnu bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu en lýsir ánægju sinni með það að öðru leiti og tekur undir framkomna áskorun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þess efnis að samþykkja beri frumvarpið án þessa bráðabirgðaákvæðis.

Með kveðju.

f.h. Veiðifélags Laxár og Krákár.

*Jón Benediktsson.*

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1430*  
*komudagur 18.3.2004*



**VEIÐIMÁLASTJÓRI**  
Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7  
110 Reykjavík, Iceland  
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850  
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Eva Margrét Ævarsdóttir  
Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

17. mars 2004

**Varðar frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár, 564. mál**

Í bréfi dagsettu 2. mars síðastliðinn er leitað umsagnar vegna frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu.

Að því er varðar athugasemdir vill undirritaður vísa til hjálagðrar umsagnar embættisins til umhverfisnefndar Alþingis dagsettrar 14. mars 2003 vegna sambærilegs frumvarps (637. mál/2003).

Virðingarfyllst

Árni Ísaksson, veiðimálastjóri



# VEIÐIMÁLASTJÓRI

Directorate of Freshwater Fisheries

Vagnhöfði 7  
110 Reykjavík, Iceland  
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850  
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Hr. Einar Farestveit  
Umhverfisnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

14. mars 2003

## Varðar frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár 637. mál, heildarlög

Í bréfi dagsettu 18. mars er leitað umsagnar embættis veiðimálastjóra vegna frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár. Eftir að hafa skoðað frumvarpið út frá ýmsum ákvæðum laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 með síðari breytingum telur undirritaður að gera þurfi á því ýmsar breytingar til að tryggja að ekki verði ósamræmi milli ákvæða þessarar tveggja laga.

Athygli vekur að löggin ná til vatnasviðs og 200 metra breiðs bakka Laxár í Þingeyjarsýslu báðum megin alveg frá ósi við Skjálfanda upp í Mývatn. Einnig virðast þau ná til lífríkis Laxár bæði til að tryggja sjálfbæra þróun og líffræðilegan fjölbreytileika.

Rétt er að vekja athygli á því að við Laxá eru starfandi tvö veiðifélög, annarsvegar Landeigendafélag Laxár, sem nær frá ósi að ármótum við Eyvindarlæk og hinsvegar veiðifélag Laxár og Krákár, sem starfar við Laxá ofan við Brúar. Einnig er starfandi veiðifélag um Mývatn. Þessi veiðifélög starfa samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og ástunda veiðiskap og ræktun samkvæmt þeim lögum. Einnig er starfandi eldisstöð á Laxamýri, sem framleiðir laxaseiði bæði til nýtingar við eigið ræktunarstarf og einnig af eldisstofni til notkunar í sjókvíaldri í Kelduhverfi.

Fjölmörg ákvæði laga um lax- og silungsveiði taka til starfsemi umræddra veiðifélaga, starfsemi eldisstöðva á svæðinu auk fiskvega og verklegra framkvæmda við ár og vötn. Þar sem telja verður að umrædd ákvæði gildi jafnt um Laxár- og Mývatnssvæðið eins og önnur vatnsföll landsins, er eðlilegt að minna á þau í tengslum við lagafrumvarpið og telja verður eðlilegt að haft sé samráð við stjórnsýsluaðila varðandi nýtingu auðlinda við ákvarðanir og reglugerðarsmið varðandi friðun á svæðum, sem eru mikið nýtt vegna veiði og fiskræktar.

Í viðauka 1 eru tíunduð orðrétt helstu ákvæði sem fjalla um fiskrækt, eldisstöðvar, fiskvegi og aðrar framkvæmdir við veiðiár úr lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Í ljósi þeirra ákvæða sem sett hafa verið í lögum um lax- og silungsveiði varðandi fiskrækt, fiskeldi og mannvirkjagerð, sem mörg hver eru aðeins fárra ára gömul telur undirritaður nauðsynlegt að styrkja umsagnarþátt embættis veiðimálastjóra á nokkrum stöðum í frumvarpinu og benda á að margvíslegar framkvæmdir, sem snerta fiskeldi og fiskrækt og ýmsa starfsemi veiðifélaga eru heimilar þrátt fyrir setningu slíkra laga laga. Helstu tillögur að breytingum eru sem hér segir:

### 3. gr. 2.mgr.

Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um ræðir. Einnig skulu heimilar ræktunarframkvæmdir samkvæmt fiskræktaráætlun sem samþykkt hefur verið af embætti veiðimálastjóra.

**3. gr. 3.mgr.**

Ráðherra setur, að fenginni umsögn sveitarfélaga á svæðinu, Umhverfisstofnunar og embættis veiðimálastjóra, reglugerð þar sem kveðið er nánar á um verndun Mývatns- og Laxár, þ.á. m. takmarkanir á framkvæmdum á svæðinu og umferð og umferðarétt almennings.

**4. gr. 2.mgr.**

Umhverfisráðherra skal setja í reglugerð, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, embættis veiðimálastjóra og viðkomandi sveitarstjórna, nánari ákvæði...etc.

**6.gr. 1.mgr.**

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé verndar og vatnsverndaráætlun fyrir vatnasvið Mývatns- og Laxár. Skal þar m.a. fjallað um frekari verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja á svæðinu, landnýtingu, umferðarétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitastjórnir, hagsmunaaðila á svæðinu og þá stjórnsýsluaðila, sem ábyrgð bera á veiðinýtingu, náttúruverndarmálefnum og vatnsverndarmálum í samræmi við lög. Verndaráætlun skal....etc.


Ekki er ástæða til að rökstyðja frekar þær breytingatillögur, sem hér eru lagðar til. Sá rökstuðningur kemur þegar fram í greinargerð með frumvarpinu, þar sem fram kemur að taka þurfi tillit til margra ólíkra sjónarmiða við náttúruvernd á þessu svæði og jafnframt bent á að verndunarsvæðið nær til einnar víðfrægustu laxveiðiár landsins, þar sem fram fer margvíslegt ræktunarstarf og nýting í anda sjálfbærrar þróunar. Því er nauðsynlegt að lög um verndun svæðisins taki ríkt tillit til þeirra laga sem fjalla um veiðinýtingu og aðra starfsemi veiðifélaga á svæðinu. Ljóst er að stór hluti af umferð á bökkum Laxár er í tengslum við veiðiskap og tryggja þarf góða umgengni veiðimanna um þessa mikilvægu veiðiá og lífríki hennar.

Virðingarfyllst

---

Árni Ísaksson, veiðimálastjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/1513  
komudagur 24.3.2004



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 23. mars 2003.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Efni:** Frumvarp til lag um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu 564. mál.

**Inngangur:**

Almennt skiptir verndun Mývatns og Laxár miklu bæði frá sjónarmiði náttúruverndar og nýtingar. Frá sjónarmiði náttúruverndar er um að ræða svið líffræði, jarðfræði, náttúruminja og fornleifa. Nýtinga fugla og fiska hefur verið samofin búsetu við Mývatn og Laxá frá landnámi sbr. niðurstöður fornleifa og sagna. Silungsveiði var einn af veigamestu þáttum búsetu við Mývatn þótt silungsveiði nú sé ekki nema svipur hjá sjón og hefur því gengið á hefðbundna nýtingu hlunninda bænda við vatnið, sem hér á landi hefur hvergi hefur haldist jafn mikil og lengi.

Á síðustu áratugum hefur nýting veiði í Laxá einkum verið til sportveiða en slíkar veiðar skila veiðiréttarhöfum margföldum þeim tekjum sem afli myndi skila á markaði. Veiðiréttur fylgir landi og veiðiréttarhafar í flestum tilfellum bændur. Tekjur af veiði eru veita fjármagns frá þéttbýli til dreifbýlis auk þeirra tekna gjaldeyris sem hinir fjölmörgu erlendu veiðimenn skilja eftir sig.

Um er að ræða stangveiði á staðbundnum urriða í Laxá frá Mývatni að Brúafossum. Á efri hluta Laxár í Aðaldal er um að ræða veiði einkum á staðbundnum urriða auk þess sem þar er nokkur laxveiði sem eykst eftir því sem neðar dregur en Laxá í Aðaldal er rómuð fyrir veiði. Lax og silungsveiði er einnig í hliðarám Laxár, Mýrarkvísl og Reykjadalssá. Undirstaða nýtingar þeirra verðmæta sem hér um ræðir er að hún sé sjálfbær, ekki sé tekið meira en það sem stofnarnir þola og nægilegt skilið eftir til hrygningar. Frumforsenda þess að lífríki geti þrífist er að umhverfið sé ómengað og að mannlegar athafnir valdi ekki röskun.



Fjölbreytni og náttúrufergurð Mývatns og Laxár eru aðdráttarafl hinna fjölmörgu ferðamanna sem svæðið sækja heim. Þetta er fyrst of fremst sú náttúruauðlind sem svæðið býr yfir. Í verndun þess liggur ábyrgð þeirra sem með fara.

Það lagafrumvarp sem hér er fram lagt koma í framhaldi af eldri lögum sem sett voru í kjölfar Mývatnsdeilunnar svokölluðu. Áður hafði frumvarp sama efnis verið kynnt og Veiðimálastofnun gefið um það umsögn. Tekið hefur verið tillit til sumra þeirra atriða.

### **Frumvarpið**


Brýnt er að litið sé til alls vatnasviðsins við gerð náttúrverndaráætlunar því það sem á það fellur mun fyrr eða síðar berast í vatn og þaðan áfram niður vatnakerfið og til sjávar.

Fram kemur að friðlýsing landsvæða er tímafrek. Það eru enn fremur rök í þá veru að hafa friðlýst svæði sem hluta af verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Margt í frumvarpinu er til bóta og stjórnsýsla á svæðinu er einfölduð og gerð skilvirkari. Þá er til mikilla bóta að gera rannsóknarstöðina óháðari stjórnsýslu og getur hún betur sinnt hlutverki sínu við rannsóknir.

Þá er ljóst að ekki eru menn á eitt sáttir varðandi bráðbirgðaákvæði varðandi hækkun á stíflu við Laxárvirkjun. Best væri að reynt yrði að ná sáttum í því efni og þá einnig og ekki síst heima í héraði, fremur en að leysa það með lagasetningu. Ljóst er að sandur í botni Laxár er til vandræða fyrir lífríki hennar. Tvennt er til ráða, annað að hefta sandburð í ána og hitt er að áin nái að hreinsa sig af sandi. Það gerði hún áður í vetrarflóðum sem til urðu er klakastíflur brustu, en þetta er nú að nokkru heft. Þessa þætti þarf að skoða og leita lausna.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson  
Veiðimálastofnun  
Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1465  
komudagur 22.3.2004



Píngeyjarsveit

590602-2640  
Kjarna - 650 Laugar  
Sími: 464 3322 - Bréfsími: 464 3422  
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is  
www.thingeyjarsveit.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

18.3.2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár.**

Á fundi sínum í dag tók sveitarstjórn fyrir neðangreint erindi umhverfisnefndar Alþingis og var afgreiðsla sveitarstjórnar sem hér segir:

**“Mývatn og Laxá.**

Tekið til umræðu erindi frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 2.3. sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár, 564. mál. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi umsögn:

*Sveitarstjórn Píngeyjarsveitar leggur áherslu á að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi án III. bráðabirgðaákvæðis enda ríkir viðtæk sátt um meginefni laganna. Telur sveitarstjórn afgreiðslu frumvarpsins nú algjöra forsendu þess að umræður geti hafist og sátt náðst um framtíðarskipan á svæðinu.”*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

  
Sveitarstjórn  
Jóhann Guðni Reynisson  
sveitarstjóri Píngeyjarsveit